



HÁSKÓLI ÍSLANDS
Hugvísindasvið

Gestur og gestgjafi

Fyrsta opinbera heimsókn forseta Íslands til Danmerkur og fyrsta heimsókn þjóðhöfðingja til Íslands

Ritgerð til B.A.prófs

Áslaug Lovísa Bílddal Gunnarsdóttir

Janúar 2011

Háskóli Íslands
Sagnfræði- og heimspekideild
Sagnfræði

Gestur og gestgjafi

Fyrsta opinbera heimsókn forseta Íslands til Danmerkur og fyrsta heimsókn þjóðhöfðingja til Íslands

Ritgerð til B.A.-prófs

Áslaug Lovísa Bílddal Gunnarsdóttir

Kt: 190779-5999

Leiðbeinandi: Anna Agnarsdóttir

Janúar 2011

Ágrip

Ritgerð þessi er um fyrstu opinberu heimsókn forseta Íslands til útlanda og fyrstu heimsókn þjóðhöfingja til Íslands. Fyrri hluti ritgerðarinnar fjallar um för Ásgeirs Ásgeirssonar til Danmerkur árið 1954 sem forseti. Sú heimsókn var fyrsta ferðin sem forseti Íslands fór til Norðurlandanna og jafnframt fyrsta heimsóknin til Danmerkur eftir stofnun lýðveldis á Íslandi. Seinni hluti ritgerðarinnar er um opinbera heimsókn Friðriks IX Danakonungs til Íslands árið 1956. Koma Friðriks IX var fyrsta heimsókn erlends þjóðhöfingja til Íslands eftir lýðveldisstofnunina og í fyrsta skipti sem konungur Danmerkur kom til Íslands sem erlendur þjóðhöfðingi. Á þessum tíma var samband þjóðanna nokkuð viðkvæmt vegna handritamálsins og sjálfstæðisyfirlýsingu Íslands árið 1944 þegar Danmörk var enn hernumin af Nasistum. Ofangreindar heimsóknir áttu þátt í að bæta samskipti þjóðanna eftir sambandslitin.

Ísland var ungt lýðveldi þegar Ásgeir fór í sína fyrstu opinberu heimsókn til Norðurlandanna og fengu skipuleggjendurnir á Íslandi aðstoð bæði frá sendiherrum Íslands á Norðurlöndunum sem og frá dönsku hirðinni. Þar sem samskipti landanna voru viðkvæm á þessum tíma var það nokkuð umdeilt innan ríkistjórnar Íslands að forsetinn vildi skipuleggja opinbera ferð til gamla sambandslandsins. Fjallað er um samskipti ráðherranna við forsetann.

Konungur Danmerkur hafði áður heimsótt Íslands en þá sem þjóðhöfðingi landsmanna en nú kom hann sem þjóðhöfðingi erlends ríkis. Undirbúningurinn fyrir heimsókn Friðriks IX var umfangsmikill því áhersla var lögð á að hún myndi takast vel. Fengu skipuleggjendur hennar aðstoð með undirbúninginn frá dönsku hirðinni sem og frá sendiherrum Íslands í Danmörku og Frakklandi. Það var ekki umdeilt að konungur Danmerkur kæmi í heimsókn til Íslands þótt handritamálið væri enn óleyst og hafði fyrrnefnd heimsókn Ásgeirs til Danmerkur eflaust þau áhrif.

Helstu niðurstöðurnar eru þær að heimsóknirnar tvær stuðluðu að aukinni virðingu milli þjóðanna og að löndin tvö gætu í sameiningu leyst ágreiningsmál sín. Danir voru ánægðir með að forseti Íslands kæmi fyrst í opinbera heimsókn til þeirra lands og þótti það sýna að Íslendingar virtu enn Danmörku þótt sambandssamningnum hefði verið slitið einhliða frá Íslandi.

Ritgerðin byggist fyrst og fremst á frumheimildum sem varðveittar eru á Þjóðskjalasafni Íslands auk greina úr dagblöðum.

Efnisyfirlit

I. Inngangur	5
II. Undirbúningur að heimsókn forseta til Danmerkur.....	7
Þrýstingur á forseta.....	7
Áhrif handritamálsins	10
Heimsókn ákveðin, leitað að dagsetningu.....	12
Fylgdarlið forseta Íslands	15
Annar undirbúningur	16
III. Heimsókn forseta Íslands til Danmerkur.....	18
Lagt af stað til Danmerkur	18
Heimsókn forseta Íslands í Danmörku	19
Forseti Íslands kemur aftur til Íslands	25
IV. Undirbúningur að heimsókn þjóðhöfðingja til Íslands	27
Undirbúningur að heimsókn Friðriks IX Danakonungs til Íslands	27
Danskir blaðamenn.....	31
V. Heimsókn Friðriks IX Danakonungs og drottningar	33
Fyrsti dagur heimsóknar Friðriks IX.....	33
Annar dagur heimsóknar Friðriks IX	37
Þriðji og lokadagur heimsóknar Friðriks IX	39
VI. Niðurstöður	44
VII. Viðaukar	47
Ávarp Friðriks IX í konungsveislu 5. apríl 1954	47
Ávarp forseta Íslands í konungsveislu 5. apríl 1954	48
Konungsávarp 10. apríl 1956	49
Svarræða Danakonungs við ávarpi forseta Íslands 10. apríl 1956	51
Konungsræða 12. apríl 1956	52
Svarræða forseta Íslands 12. apríl 1956	52
Reikningur yfir kostnað í sambandið við heimsókn dönsku konungshjónanna 1956.....	54
Til forseta Íslands Ásgeirs Ásgeirssonar og Forsetafrúar Dóru Þórhallsdóttur Í tilefni af Norðurlandaför 31. marz 1954	55
Tómas Guðmundsson: Kveðja flutt konungi Danmerkur og drottningar 12. apríl 1956 .	57
Heimildaskrá	62

I. Inngangur

Aldalöngu sambandi Danmerkur og Íslands lauk 17. júní 1944. Ísland hafði verið hjálenda Danmerkur og hluti af danska konungsríkinu síðan 1380. Stjórn landsins hafði verið í höndum konungs en Ísland hélt ávallt nafni sínu og sérstöðu.¹ Sambandssamningnum sem gerður var 1918 og færði Íslandi fullveldi var sagt upp einhliða af Íslandi. Sjálfstæði Íslands hafði löngum verið talið eðlilegt framhald af sambandssamningi Íslands og Danmerkur en í honum var að finna ákvæði um hvernig ætti að slíta sambandi landanna tveggja. Þegar Ísland lýsti yfir sjálfstæði sínu var Danmörk hersetin af nasistum og því var lítið gert til að koma í veg fyrir yfirlýsingu Íslands sem var studd m.a. af Bandaríkjunum og Bretlandi. Danski konungurinn, sem og danska ríkisstjórnin, voru ekki í aðstöðu til að ræða við Íslendinga um sjálfstæðisyfirlýsinguna en það var þó ósk Kristjáns X Danakonungs að Íslendingar myndu bíða til lok stríðsins en því vildu ráðamenn Íslands ekki sinna. Frá því að Danmörk var hersetin þann 9. maí 1940 af nasistum² hafði Ísland séð um mál sín sjálf, bæði innan- og utanríkismálefni.

Eftir að lýst var yfir sjálfstæði var Ísland í fyrsta skipti komið í þá stöðu að vera fullvalda þjóð, jöfn öðrum þjóðum. Fullveldi fylgja ýmsar skyldur á alþjóðavísu, m.a. að rækta tengsl við önnur lönd. Erlendar opinberar heimsóknir þjóðhöfðingja eru leið til að tryggja vináttu- og viðskiptabönd við önnur lönd.

Í þessari ritgerð verður fjallað um fyrstu opinberu heimsókn forseta Íslands til útlanda og fyrstu opinberu heimsókn erlends þjóðhöfðingja til Íslands. Þrátt fyrir að Sveinn Björnsson, forseti Íslands, hafi farið í heimsókn til Rooseveltts forseta Bandaríkjanna árið 1944, aðeins sex vikum eftir lýðveldisstofnun Íslands, þá telst sú ferð ekki fyrsta opinbera heimsókn forseta Íslands eins og rökstutt verður hér á eftir. Fyrsta opinbera heimsókn forseta Íslands var til Danmerkur 1954 er Ásgeir Ásgeirsson heimsótti Friðrik IX og var hann einnig fyrsti erlendi þjóðhöfðinginn sem kom til Íslands eftir stofnun lýðveldisins. Ekki var þetta í fyrsta sinn sem danskur konungur sótti Ísland heim. Kristján IX kom til Íslands 1874, Friðrik VIII 1907³ og Kristján X 1930⁴ en þá heimsóttu þeir Ísland sem konungar þess. Ákveðið var að Ásgeir skyldi heimsækja öll Norðurlöndin en í þessari ritgerð verður eingöngu heimsóknin til Danmerkur til umræðu þótt ekki verði hjá því komist að fara nokkrum orðum um för forsetans til hinna Norðurlandanna.

¹ Helgi Skúli Kjartansson, *Ísland á 20. öld*. Reykjavík, 2003 bls. 16.

² *Danmarks historie i grundtræk*. Ritstjórar Steen Busck og Henning Poulsen. Árósar, 2002. bls. 334.

³ Helgi Skúli Kjartansson, *Ísland á 20. öld*, bls. 20-21.

⁴ Helgi Skúli Kjartansson, *Ísland á 20. öld*, bls. 81.

Rætt verður um þá umdeildu ákvörðun til hvaða Norðurlands forseti Íslands skyldi fara í sína fyrstu heimsókn og samskipti ríkisstjórnar Íslands og forseta um þá ákvörðun. Greint verður frá undirbúningi fyrir fyrstu heimsókn forseta sem og undirbúninginn fyrir fyrstu heimsókn þjóðhöfðingja til Íslands. Loks verður fjallað um heimsóknirnar sjálfar og viðbrögð dagblaða við þeim.

Þessi ritsmíð byggist nær eingöngu á frumheimildum sem varðveittar eru á Þjóðskjalasafni Íslands.

II. Undirbúningur að heimsókn forseta til Danmerkur

Prýstingur á forseta

Sveinn Björnsson, fyrsti forseti Íslands, fór reyndar í eina heimsókn til erlends þjóðhöfðingja í forsetatíð sinni en það var til Bandaríkjanna, 24. til 29. ágúst 1944.⁵ Roosevelt bauð Sveini Björnssyni í heimsókn aðeins einum og hálfum mánuði eftir lýðveldisstofnunina.⁶ Í för með Sveini forseta voru Vilhjálmur Þór utanríkisráðherra, Pétur Eggerz forsetaritari, Bjarni Guðmundsson blaðafulltrúi, Jakob Jónsson öryggisvörður og aðstoðarmaður forsetans. Í grein Svans Kristjánssonar „Forsetinn og utanríkisstefnan” sem birtist í tímaritinu *Ný Saga* kemur hins vegar fram að það var Sveinn Björnsson sem átti frumkvæði að heimsókn til Bandaríkjanna og vildi forsetinn þá ræða við Bandaríkjaforseta um framtíðarsamband landanna. Opinberlega hefur verið sagt að frumkvæðið að heimsókn Sveins til Bandaríkjanna hafi komið frá Bandaríkjaforseta en ekki Sveini. Bandaríkjamenn tóku þátt í þeirri sviðsetningu til að veikja ekki stöðu Sveins heima fyrir þar sem ýmsir ráðamenn voru mótfallnir veru Bandaríkjahers á Íslandi.⁷ Stuttur fyrirvari var á heimsókn Sveins til Bandaríkjanna og þótti það vekja grunsemdir um að forseti Bandaríkjanna vildi gera samning við Svein um framtíðarherstöðvar á Íslandi.⁸ Opinberlega var ekki samið um varnarmál meðan á för Sveins til Bandaríkjanna stóð enda hafði utanríkisráðherra ekki umboð Alþingis til þess að hefja varnarviðræður við Bandaríkjamenn en Svanur Kristjánsson segir í áður nefndri grein sinni að:

För Sveins Björnssonar til Bandaríkjanna sumarið 1944 stuðlaði að þáttaskilum í utanríkisstefnu landsins. Þá kom í ljós að valdamikil öfl á Íslandi, með forseta Íslands í broddi fylkingar, vildu viðhalda sérstöku sambandi við Bandaríkin og leita leiða til að koma til móts við óskir Bandaríkjastjórnar um bækistöðvar á Íslandi eftir að styrjöldinni lyki.⁹

Þessi heimsókn Sveins til Bandaríkjanna hefur sjaldan verið talin með sem almenn, opinber heimsókn því að heimurinn átti í stríði á þessum tíma og var m.a. fyrirverandi sambandsland Íslands, Danmörk, hersetið af nasistum, sem og stór hluti Evrópu. Heimsókn

⁵ Gylfi Gröndal, *Sveinn Björnsson. Ævisaga*. Reykjavík, 1994. bls. 336-338.

⁶ Þ.Í. Utanríkisráðuneytið. 1968. B/32 I. 1947-65 Móttaka erlendra þjóðhöfðingja og ríkisstjórnar. Helgi P. Briem, Stokkhólmi 29. ágúst 1952.

⁷ Svanur Kristjánsson, „Forsetinn og utanríkisstefnan: Bandaríkjaför Sveins Björnssonar árið 1944.” *Ný Saga* (2001), bls. 7-11.

⁸ Gylfi Gröndal, *Sveinn Björnsson*, bls. 332-333.

⁹ Svanur Kristjánsson, „Forsetinn og utanríkisstefnan.” *Ný Saga* (2001), bls. 11.

Sveins til Bandaríkjanna sýndi að forseti Bandaríkjanna hafði viðurkennt sjálfstæði Íslands¹⁰ og að Bandaríkin hefðu áhuga á framtíðarsamstarfi við Ísland á viðskipta- og hernaðarlegum grundvelli. Heimsókn Sveins til Bandaríkjanna opnaði fyrir samningaviðræður landanna tveggja en engar lokaákvarðanir voru teknar í þeirri heimsókn. Þetta var eina heimsókn Sveins Björnssonar sem forseti Íslands en vegna lasleika komst hann ekki í aðrar heimsóknir. Hann fór þrátt fyrir það nokkrum sinnum til útlanda, til að mynda í jarðaför Kristjáns X Danakonungs og var honum tekið vel af Friðriki IX og Ingiríði nýju konungshjónum Danmerkur og að sögn Jóns Krabbe var honum sýnd sú virðing sem þjóðhöfðingja frá öðru landi á að vera sýnd.¹¹

Sveinn Björnsson féll frá í embætti árið 1952 og var næsti forseti Íslands kosinn sama ár. Í þeim kosningum sigraði Ásgeir Ásgeirsson.¹²

Þegar líða tók á fyrsta ár Ásgeirs í embætti mátti finna fyrir þrýstingi á forsetann að fara í opinbera heimsókn til Norðurlandanna. Í bréfi frá Bjarna Ásgeirssyni, sendiherra Íslands í Osló, 27. mars árið 1953, skýrði Bjarni Ásgeiri forseta frá því að Hákon Noregskonungur hefði spurt, í veislu einni, um heimsókn forseta til Noregs, og gaf Noregskonungur þar í skyn að hann vildi gjarnan fá Ásgeir í opinbera heimsókn sem fyrst.¹³ Sendiherrar Íslands á Norðurlöndunum fengu einnig fleiri fyrirspurnir, því að prótókollmeistari sænsku hirðarinnar, Ramel barón, hafði samband við Helga P. Briem, sendiherra Íslands í Svíþjóð, til að spyrjast fyrir um hvort forseti Íslands myndi vilja koma í opinbera heimsókn til Svíþjóðar. Þegar Ramel barón var spurður um ástæðu fyrirspurnarinnar sagði hann að konungur Svíþjóðar hefði lesið það í skýrslu sem Öhrvall, sendiherra Svíþjóðar á Íslandi, hefði gert að ráðgert væri að Ásgeir kæmi í opinbera heimsókn til Svíþjóðar og bað konungur Ramel barón að spyrjast fyrir um málið. Helgi hafði ekki fengið nein opinber fyrirmæli um að spyrjast fyrir um opinbera heimsókn en lét Ramel vita að vegna yfirvofandi kosninga á Íslandi í júní sama ár væri ólíklegt að forseti gæti komið í heimsókn fyrr en eftir kosningarnar. Helgi taldi hins vegar að Ramel, sem var reyndur diplómati, væri að bjóða forseta Íslands í heimsókn í boði konungs Svíþjóðar og væri það því engin tilviljun að prótókollmeistarinn kæmi þessum skilaboðum til skila. Einnig lét Helgi í ljós þá skoðun sína að forsetinn ætti að koma í opinbera heimsókn til Svíþjóðar eins fljótt og auðið væri. Honum þótti þó ekki líklegt að

¹⁰ Gylfi Gröndal, *Sveinn Björnsson*, bls. 332.

¹¹ Gylfi Gröndal, *Sveinn Björnsson*, bls. 338.

¹² Helgi Skúli Kjartansson, *Ísland á 20. öld*, bls. 328-329.

¹³ Þ.Í. Utanríkisráðuneyti. 1968. B/32 I 1947-65. Sendiráð Íslands í Noregi 27. mars 1953.

ferðin yrði farin fyrr en vorið 1954 vegna fyrirhugaðra kosninga á Íslandi. Þar að auk gæti tekið sinn tíma að mynda nýja ríkisstjórn eftir kosningarnar.¹⁴

Danmörk þrýsti einnig á forsetann að koma í opinbera heimsókn og að sú ferð yrði ekki tengd heimsóknum til annarra Norðurlanda. Bodil Begtrup, sendiherra Danmerkur á Íslandi, hafði fært heimsókn forseta til Danmerkur í tal við Ásgeir Ásgeirsson og eins hafði Sigurður Nordal, sendiherra Íslands í Danmörku, sagt það við Ásgeir. Bodil Begtrup fór nokkuð snemma að þreifa fyrir sér að Ásgeir heimsækti Danmörku en Ásgeir hafði verið í embætti í rétt um fimm mánuði þegar hann lét Steingrím Steinþórsson, forsætisráðherra, og Bjarna Benediktsson, utanríkisráðherra, vita að danski sendiherrann væri farinn að ýja að heimsókn. Steingrímur og Bjarni vildu þá ræða málið við ríkisstjórnina og væru þeir möguleikar í stöðunni: Forsetinn myndi heimsækja öll Norðurlöndin í sömu ferð, forsetinn færi í sérferð til Danmerkur eða að forsetinn myndi fresta heimsókn til Norðurlandanna til haustsins 1953.¹⁵ Áfram héldu ríkisstjórnin og forsetinn að ræða um Norðurlandaheimsókn forsetans en í janúar 1953 var enn talið að handritamálið, sem fjallað verður um í næsta kafla, kæmi í veg fyrir að forsetinn gæti farið í heimsókn til Danmerkur um vorið.

Ráðherrarnir Steingrímur og Bjarni ætluðu að ræða í ríkisstjórninni um Norðurlandaheimsókn forsetans, eins og þeir höfðu lofað að gera á fundi með forseta 20. nóvember 1952, en ekki hafði ennþá orðið af því vegna verkfalls verkalýðsfélaga í desember og fjarveru atvinnumálaráðherra sem hafði verið erlendis. Umræða varð um Norðurlandaheimsókn forseta og kom fram sú skoðun hvort nauðsynlegt væri að utanríkisráðherra yrði í för með forseta eða ekki. Nokkrir töldu að það væri óþarfi að ráðherra væri með í för en aðrir voru ósammála. Steingrímur, Bjarni og Ólafur Thors, atvinnumálaráðherra, lögðu til að ákvörðunin yrði hjá forsetanum sjálfum hvort utanríkisráðherra væri með í för. Forsætisráðherra ákvað að ræða málið enn frekar í ríkisstjórn og var því endanlegri ákvörðun frestað. Forseti óskaði eftir því að ríkisstjórnin ræddi málið sem fyrst, þannig ákveða mætti fljótlega hvort úr heimsókninni yrði á árinu 1952.¹⁶ Heimsókn forseta til Norðurlandanna frestaðist reyndar til apríl 1954 eða tveimur árum eftir að Ásgeir tók við embætti. Fyrsta opinbera heimsókn forseta Íslands til Norðurlandanna krafðist mikillar skipulagningar og var mikil áhersla lögð á að móðga ekki þjóðhöfðingja Norðurlandanna.

¹⁴ Þ.Í. Utanríkisráðuneytið. 1968. B/32 I. 1947-65. Sendiráð Íslands í Svíþjóð 1. apríl 1953.

¹⁵ Þ.Í. Utanríkisráðuneytið. 1968. B/32 I. 1947-65. Frásögn. Forsetaritari Henrik Sv. Björnsson, Reykjavík, 20. nóvember 1952.

¹⁶ Þ.Í. Utanríkisráðuneytið. 1968. B/32 I. 1947-65. Frásögn: forsetaritari Henrik Sv. Björnsson, Reykjavík, 24. janúar 1953.

Áhrif handritamálsins

Þegar Ísland lýsti einhliða yfir sjálfstæði frá Danmörku 1944 var ekki búið að ganga frá hvað yrði um handritin sem Árni Magnússon hafði safnað saman og flutt til Kaupmannahafnar á 17. öld. Eftir að seinni heimstyrjöldinni lauk fór íslenska stjórnin að krefjast þess að fá handritin til baka frá Danmörku. Nokkuð stirt var á milli ríkisstjórna landanna vegna handritamálsins. Á sama tíma var forseti Íslands undir nokkrum þrýstingi á að fara í opinbera heimsókn Danmerkur og hinna Norðurlandanna.

Handritamálið milli Íslands og Danmerkur hafði því þau áhrif að óvíst væri hvort heppilegt væri að forseti Ísland færi í opinbera heimsókn til Danmerkur á þessum tíma. Meðal annars var það sjónarmið ríkisstjórnar Íslands árið 1953 að forseti Íslands ákvæði sjálfur hvert Norðurlandanna hann myndi heimsækja, fyrir utan Danmörku vegna handritamálsins. Ótti við mikla gagnrýni innanlands hamlaði ákvörðun um hvort forseti Íslands ætti að fara í opinbera heimsókn til Danmerkur meðan löndin tvö ættu í samningaviðræðum um handritin en ákveðið var að skrifa Sigurði Nordal, sendiherra Íslands í Danmörku, til að fá álit hans.¹⁷ Ásgeir óskaði þó eftir því að ríkisstjórn Íslands athugaði hvernig haga skyldi undirbúningi fyrir opinberu heimsóknina. Honum og forsætisráðherra þóttu eðlilegast að utanríkisráðuneytið annaðist undirbúninginn og að sendiherra í viðkomandi landi myndi hafa milligöngu um allan undirbúninginn.¹⁸ Ríkisstjórn og forseti Íslands höfðu litla sem enga reynslu af því hvernig undirbúningi væri háttað og í byrjun fetuðu ráðamenn Íslands sig í blindi hvernig slíkar heimsóknir væru skipulagðar og af hverjum.

Varðandi handritamálið og heimsókn Ásgeirs til Danmerkur þótti Sigurði Nordal að opinber heimsókn vega þyngra en handritamálið. Sigurði hefði þótt betra ef forsetinn hefði farið til Danmerkur áður en handritamálið komst í há mæli en fyrst það tókst ekki væri mikilvægara fyrir löndin tvö að Ásgeir færi sem fyrst í opinbera heimsókn til Danmerkur.¹⁹ Dagblöð bæði í Danmörku og á Íslandi fjölluðu um handritamálið og tóku afstöðu með sínu landi vegna málsins. Rétt um þremur vikum fyrir heimsókn forseta Íslands til Danmerkur birtust greinar í ýmsum dönskum blöðum um að handritin ættu að vera þar í landi. Blaðið *Information* sagði m.a. að handritin væru dönsk og ættu að vera í Danmörku. Íslendingar hefðu sært Dani mikið þegar Ísland sleit stjórn málasambandi við Danmörku á meðan landið var hersetið af nasistum og núna heimtuðu Íslendingar öll handritin. Íslendingar tækju ekkert

¹⁷ Þ.Í. Utanríkisráðuneytið. 1968. B/32 I. 1947-65. Frásögn. Forsetaritari Henrik Sv. Björnsson, Reykjavík, 27. mars 1953.

¹⁸ Þ.Í. Utanríkisráðuneytið. 1968. B/32 I. 1947-65. Frásögn. Forsetaritari Henrik Sv. Björnsson, Reykjavík, 4. mars 1953.

¹⁹ Þ.Í. Utanríkisráðuneytið. 1968. B/32 I. 1947-65. Bréf til forsætisráðherra Steingrímur Steinþórsson líklega frá Sigurði Nordal sendiherra. 21. apríl 1953.

tillit til tilfinninga Dana. Blaðið taldi einnig að danska ríkisstjórnin ætti að hætta öllum viðræðum við íslensku ríkisstjórnina því að handritin ættu ekki að fara frá Danmörku.²⁰ Þann 20. mars 1954 kom fram í danska blaðinu *Nationaltidende* að leitt væri að ekki væri enn búið að leysa úr handritamálinu milli Íslands og Danmerkur þegar líða færi að heimsókn forseta Íslands til Danmerkur. Það væri ósk margra að hægt yrði að leysa málið á grundvelli norræns vinaranda. Danir hefðu lagalegan rétt á handritunum og í raun mættu Íslendingar sjálfum sér um kenna því að Ísland sleit sambandi við Danmerkur á þeim tíma þegar ekki var hægt að leysa óleyst dönsk-íslensk vandmál. *Morgunblaðið* svaraði *Nationaltidende* og sagði að handritin væru íslensk og ættu því heima á Íslandi. *Morgunblaðið* blandaði ekki saman sjálfstæði Íslands og handritamálinu eins og *Nationaltidende* gerði (sem og önnur dönsk blöð) heldur sagði að árið 1944 hefðu Íslendingar gert það sem skyldan bauð þeim, þ.e. að segja sig úr ríkjasambandi við Danmörku og að handritin væru samt sem áður íslensk.²¹

Sigurður Nordal hafði nokkru áður stungið upp á því að fyrsta opinbera heimsókn forseta Íslands yrði aðeins til Danmerkur og hafði Östen Undén, utanríkisráðherra Svíþjóðar, heyrt af því en Helgi P. Briem sagðist vera á móti þeirri hugmynd. Sendiherrar Íslands á Norðurlöndunum ítrekuðu við þarlenda embættismenn að Ísland vildi leggja áherslu á samband sitt við Norðurlöndin með því að forseti Íslands kæmi í opinbera heimsókn til Norðurlandanna en samt sem áður leið nokkur tími þangað til ákvörðun var tekin um dagsetningu heimsóknar.²²

Hvort fara ætti einungis til Danmerkur eða Norðurlandaferð til Danmerkur, Noregs, Svíþjóðar og Finnlands vafðist fyrir íslenskum stjórnvöldum. Sigurður Nordal taldi heppilegast að forseti Íslands færi einungis til Danmerkur í fyrstu opinberu heimsókn sína til útlanda. Ástæðan fyrir því að forseti ætti að fara eingöngu til Danmerkur væri vegna þeirrar staðreyndar að Friðrik IX Danakonungur hafði ásamt Ingiríði drottningu sinni heimsótt Ísland sem tilvonandi konungur Íslands árið 1937. Einnig var Sigurður viss um að ef forsetinn færi fyrst í heimsókn til Noregs eða Svíþjóðar myndu Danir móðgast.²³ Taldi hann að Norðurlandaheimsókn yrði vandasant kurteisismál, t.d. í hvaða röð löndin yrðu heimsótt sem og hvort sami sómi væri sýndur konungum Noregs og Svíþjóðar með því að setja þá fyrir aftan Danakonung. Skrifaði Sigurður bréf til Steingríms forsætisráðherra vegna fyrirhugaðrar heimsókn forseta til Norðurlanda þar sem m.a. kom fram:

²⁰ *Morgunblaðið* 16. mars 1954, bls. 1.

²¹ *Morgunblaðið* 21. mars 1954, bls. 1.

²² Þ.Í. Utanríkisráðuneytið. 1968. B/32 I. 1947-65. Helgi P. Briem, Stokkhólmi, 29. ágúst 1952.

²³ Þ.Í. Utanríkisráðuneytið. 1968. B/32 I. 1947-65. Bréf til Steingrímar Steinþórssonar forsætisráðherra líklega frá Sigurði Nordal sendiherra. 21. apríl 1953.

Ég hef áður látið þá skoðun í ljós við ríkisstjórnina, að ég teldi eðlilegast og bezt viðeigandi, að forseti færi fyrst í heimsókn til Danmerkur einnar, þar sem um er að ræða fyrrverandi sambandsland vort og núverandi Danakonungur er fyrrverandi ríkiserfingi Íslendinga og þau hjón heimsóttu Íslands sem tilvonandi konungur og drottning. Um það mál skal ég ekki fjölyrða frekar. En hitt veit ég með vissu, að á það mundi verða litið sem beina móðgun, ef forseti færi fyrr til Noregs og (eða) Svíþjóðar en Danmerkur, og það af mönnum, sem annars leggja ekki mikla áherslu á viðhöfn eða tildur. Einkanlega er Dönum viðkvæmt ef Íslendingar dekra meir við Norðmenn en góðu hófi gegnir, enda er að sannast að segja alveg ástæðulaust af vorri hálfu.

Sigurður sagðist þó vera viss um að konungar Noregs og Svíþjóðar myndu hafa skilning á að forseti Íslands færi fyrst í opinbera heimsókn til Danmerkur þar sem Friðrik IX Danakonungur væri fyrrverandi ríkiserfingi Íslands. Honum þótti einnig mikilvægt að forseti Íslands færi til Norðurlandanna sem fyrst til að viðhalda vináttu við norrænu þjóðirnar. Sigurður skrifaði einnig til Steingríms:

Þess verður um fram allt að minnast, að hér er ekki einungis um að ræða heimsókn núverandi forseta vors, - því að vel mætti svo verða, ef forsetaskipti yrðu í tíðara lagi, að þeir þyrftu ekki allir að gera slíkar heimsóknir, - heldur um fyrstu opinbera heimsókn íslensks forseta til Norðurlanda. Og það liggur í augum uppi, að slík heimsókn verður því minna metin sem hún er síðar gerð – eða með öðrum orðum: sem hún fremur virðist gerð með hangandi hendi af Íslands hálfu.²⁴

Heimsókn ákveðin, leitað að dagsetningu

Eftir að hafa rætt við forsætisráðherra og utanríkisráðherra ákvað Ásgeir Ásgeirsson í júní 1953 að fela sendiráðum Íslands á Norðurlöndunum að finna heppilegar dagsetningar fyrir opinbera heimsókn til Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar á tímabilinu 15. mars til 30. júní.²⁵ Ásgeir var óviss hvernig ætti að fara að því að finna þær og staðfesta en Sigurður Nordal kom enn einu sinni með lausnina. Eðlilegast væri að utanríkisráðuneyti Íslands myndi koma þeim boðum til hans og hann myndi koma fyrirspurninni áfram til danska utanríkisráðuneytisins.²⁶ Í júní 1953 fékk Sigurður Nordal bréf frá Ole Bjørn Kraft, danska utanríkisráðherranum, þar sem sagði að konungur og drottning Danmerkur vildu gjarnan taka

²⁴ Þ.Í. Utanríkisráðuneytið. 1968. B/32 I. 1947-65. Einkabréf til forseta Íslands frá Sigurði Nordal. Ódagsett.

²⁵ Þ.Í. Utanríkisráðuneytið. 1968. B/32 I. 1947-65. Ásgeir Ásgeirsson, Reykjavík, 5. júní 1953.

²⁶ Þ.Í. Utanríkisráðuneytið. 1968. B/32 I. 1947-65. Einkabréf til forseta Íslands frá Sigurði Nordal. Ódagsett.

á móti forseta Íslands og lagði til nokkrar dagsetningar og myndi heimsóknin því eiga sér stað vorið 1954.²⁷ Forsætisráðherra, Ólafur Thors, var ekki hrifinn af því að forseti færi í opinbera heimsókn til Danmerkur meðan handritamálið væri enn óleyst en setti það í hendur forseta að ákveða hvort og hvenær skyldi fara til Danmerkur.²⁸

Ákveðið var loks að fyrst færi forsetinn í opinbera heimsókn til Danmerkur, því næst til Noregs og að lokum til Svíþjóðar og Finnlands. Ferðast yrði væntanlega með *Gullfossi* til Kaupmannahafnar og Oslóar, en með flugvél til Stokkhólms. Þar sem Ásgeir yrði sextugur þann 13. maí sama ár, vildi hann vera kominn heim fyrir þann tíma – enda yrði vandasamt fyrir gestgjafa hans að þurfa að halda upp á sextugs afmæli hans í þokkabót og benti hann sendiherrum Íslands á Norðurlöndunum á það. Öll bréfa- og skeytaskipti varðandi undirbúning heimsóknar forsetans til Norðurlandanna fóru í gegnum forsetaskrifstofuna, eftir samtal Ásgeirs við forsætis- og utanríkisráðherra um undirbúning ferðarinnar, en forseti sjálfur sá um að ráðherrarnir fylgdust með gangi mála.²⁹

Eftir að ákveðið var að forseti Íslands færi í opinbera heimsókn til Danmerkur vorið 1954 hafði frú Bodil Begtrup, sendiherra Danmerkur á Íslandi, áhyggjur af handritamálinu og hvort það hefði neikvæð áhrif á heimsókn forsetans, sérstaklega eftir nýársávarp forsetans þar sem hann ræddi um kröfur Íslendinga í handritamálinu. Forsetinn vildi heldur ekki að heimsókn hans, sem og lýðveldisstofnunin sjálf, einkenndist að eftirnöldri. Afstaða sendiherrans varðandi opinbera heimsókn forsetans og handritamálið fékk forsetann til að ítreka við frú Begtrup og aðra sendiherra Norðurlandanna, að heimsóknin yrði að vera vandlega undirbúin.

Það fréttist fljótlega að forsetinn væri á leið í opinbera heimsókn til Norðurlandanna og vildi svo óheppilega til að fréttir um ferðina bárust erlendis frá, áður en opinber tilkynning barst frá íslenskum stjórnvöldum. Forsetinn vildi ekki tilkynna opinberlega um heimsóknina fyrir en Eimskipafélag Íslands hefði samþykkt að flytja hann til Danmerkur með *Gullfossi*. Það samþykki þótti formsatriði en forsetinn vildi samt ekki koma með tilkynningu fyrir en það lá fyrir, en það barst ekki fyrir en um miðjan desember 1953.³⁰ *Þjóðviljinn* og *Tíminn* fréttu hins vegar af áætlaðri opinberri heimsókn forseta Íslands til Svíþjóðar en sænska utanríkisráðuneytið skýrði frá því 26. október 1953 að von væri á Ásgeiri í heimsókn um 19. apríl 1954 og flutti sænska útvarpið þær fréttir. *Þjóðviljinn* tók það illa upp að slíkar

²⁷ Þ.Í. Skrifstofa forseta Íslands. 1994. B/67 3. Forsetaheimsókn: Danmörk (O-403) 1959. Bréf frá Utanríkisráðuneytinu til sendiherra Íslands í Danmörku. 20. júní 1953.

²⁸ Þ.Í. Skrifstofa forseta Íslands. 1994. B/67 3. Frásögn. Henrik Sv. Björnssonar, 27. mars 1953.

²⁹ Þ.Í. Utanríkisráðuneytið. 1968. B/32 I. 1947-65. Ásgeir Ásgeirsson, Reykjavík, 5. júní 1953.

³⁰ Þ.Í. Utanríkisráðuneytið. 1968. B/32 I. 1947-65. Bréf Ásgeirs Ásgeirssonar til Sigurðar Nordal, sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn, 27. nóvember 1953.

mikilvægar fréttir bærust erlendis frá en ekki frá íslenskum stjórnvöldum og sagði það dæmigert af íslenskum stjórnvöldum að tilkynna ekki með formlegum hætti um samskipti Íslands við önnur ríki hvort sem það væru heimsóknir, viðskiptasamningar, heræfingar við Ísland eða annað. Í *Þjóðviljanum* stóð:

Eins og menn sjá hafa íslenzk yfirvöld ekki brugðið þeim vana sínum að láta fréttast erlendis frá um flest það sem skeður í skiptum Íslands og annarra ríkja. Það er sama hvort um er að ræða viðskiptasamning, aðra milliríkjasamninga, heræfingar við Ísland og fleira og fleira, öllu skal haldið leyndu fyrir íslenskum almenningi eins lengi og tök eru á. Þessi vinnubrögð eru regin hneyksli og eiga sér enga hliðstæðu í siðuðum löndum. Allri íslenzku þjóðinni er óvirðing gerð með því að stjórnvöldin skuli ekki einu sinni ranka við sér eftir að búið er að skýra erlendis frá fyrirætlunum um fyrstu opinbera heimsókn íslenzks þjóðhöfingja til annars ríkis.³¹

Tíminn nefndi einnig að í sænsku fréttinni væri búið að ákveða að forsetinn færi í heimsókn til Danmerkur og einnig til hinna Norðurlanda. Þegar blaðamenn *Tímans* gerðu tilraun til að fá staðfestingu frá íslenskum stjórnvöldum var fátt um svör annað en að ferð forsetans hefði þó verið rædd í ríkisstjórn en væri ekki fullráðin enn.³² Hinn 15. desember 1953 var loks úr því leyst að *Gullfoss* fengist til Danmerkurfarinnar.³³

Var þá hafist handa um að skipuleggja ferðina sjálfa og finna dagsetningu sem hentaði bæði konungi og drottningu sem og forsetahjónunum. Sendiherrum Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar var falið að finna hentugar dagsetningar með þeim fyrirvara að Ásgeir vildi vera heima á sextugsafmæli sínu 13. maí. Sendiherrarnir skyldu einng koma með uppástungur til danskra ráðamanna um dagskrá. Ásgeir vildi m.a. hafa skoðunarferð um Kaupmannahöfn og nágrenni og vildi einbeita sér að skoða staði sem væru danskir í einu og öllu. Einnig vildi hann hafa móttöku fyrir Íslendinga búsetta í Danmörku sem og Íslandsvini.³⁴

Bréfaskipti á milli sendiráðs Íslands og danska utanríkisráðuneytisins hófust til að finna dagsetningu sem hentaði bæði konungi Danmerkur og forseta Íslands. Samkvæmt utanríkisráðuneyti Danmerkur var eftir því óskað að heimsókn forseta Íslands væri ekki á

³¹ *Þjóðviljinn* 27. október 1953, bls. 1.

³² *Tíminn* 27. október 1953, bls. 1.

³³ Þ.Í. Skrifstofa forseta Íslands. 1994.B/67 3. Forsetaheimsókn: Danmörk (O-403) 1959. Skeyti sent frá forsetaskrifstofu til Sendiráðs Íslands í Danmörku 15. desember 1953.

³⁴ Þ.Í. Utanríkisráðuneytið. 1968. B/32 I. 1947-65. Bréf Ásgeirs Ásgeirssonar til Sigurðar Nordal sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn, 27. nóvember 1953.

sunnudegi og væri á tímabilinu 15 – 26. mars eða 1. – 2. apríl 1954.³⁵ Heimsóknin sjálf átti að standa í þrjá daga og þótti Sigurði Nordal, heppilegast að öllum heimsóknum yrði lokið fyrir dymbilviku (11. – 17. apríl).³⁶ Hinn 16. janúar 1954 sendi sendiráð Íslands danska utanríkisráðuneytinu bréf þar sem spurt var hvort dagsetningin 5. - 7. apríl væri heppilegur tími fyrir opinbera heimsókn forseta Íslands til Danmerkur.³⁷ Danakonungur samþykkti þessa dagsetningu og var sendiráði Íslands tilkynnt það.³⁸ Eftir heimsókn forseta Íslands til Danmerkur ætlaði forseti til Noregs 8. apríl og yrði þar tvo til þrjá daga en hann myndi dvelja í Noregi yfir páskavikuna. Þann 21. apríl héldi hann til Svíþjóðar og loks til Finnlands 24. apríl.³⁹ Noregur var eflaust næstur á eftir heimsókn til Danmerkur þar sem Ísland og Noregur höfðu eitt sinn verið saman í konungssambandi, áður en Noregur og Danmörk urðu að einu konungsríki. Svíþjóð og Finnland átti að heimsækja að því loknu en þessi lönd komu minna við sögu Íslands en Danmörk og Noregur, og var það eflaust ástæðan fyrir því að Danmörk og Noregur voru heimsótt fyrst.

Fylgdarlið forseta Íslands

Í fylgd með forsetanum og konu hans yrðu dr. Kristinn Guðmundsson utanríkisráðherra, Henrik Sv. Björnsson forsetaritari og Gróa Torfhildur kona hans sem og Bjarni Guðmundsson, blaðafulltrúi utanríkisráðuneytisins. Einnig yrði íslenskur blaðamaður með í ferðinni⁴⁰ en hann taldist ekki til fylgdarliðs forseta.⁴¹ Hver sá blaðamaður var geta heimildir ekki um. Nokkuð erfiðlega gekk fyrir ríkisstjórn Íslands árið 1954 að ákveða hvort utanríkisráðherra og/eða forsætisráðherra yrðu með í heimsókninni. Ásgeir hafði þó óskað eftir því árið áður annar hvor þeirra yrði með.⁴² Í bréfi til Sigurðar Nordals hafði Ásgeir skrifað varðandi ráðherranna og heimsóknina til Danmerkur:

³⁵ Þ.Í. Skrifstofa forseta Íslands. 1994.B/67 3. 1959. Bréf frá Utanríkisráðuneyti Danmerkur til Sigurðar Nordal sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn 20. júní 1953.

³⁶ Þ.Í. Skrifstofa forseta Íslands. 1994.B/67 3. Bréf frá Sigurði Nordal sendiráði Íslands í Kaupmannahöfn til forsetaskrifstofu 22. júní 1953.

³⁷ Þ.Í. Skrifstofa forseta Íslands. 1994.B/67 3. Bréf til Utanríkisráðuneyti Danmerkur frá Sigurði Nordal sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn 16. janúar 1954.

³⁸ Þ.Í. Skrifstofa forseta Íslands. 1994.B/67 3. Bréf til Sigurðar Nordal sendiráðs Íslands í Kaupmannahöfn frá Utanríkisráðuneyti Danmerkur 21. janúar 1954.

³⁹ *Alþýðublaðið* 28. febrúar 1954, bls. 1.

⁴⁰ Þ.Í. Skrifstofa forseta Íslands. 1994.B/67 3. Fréttatilkynning frá forsetaskrifstofu. 2. mars 1954.

⁴¹ Þ.Í. Skrifstofa forseta Íslands. 1994.B/67 3. Frásögn. Henrik Sv. Björnssonar, 7. janúar 1954.

⁴² Þ.Í. Skrifstofa forseta Íslands. 1994.B/67 3. Frásögn. Henrik Sv. Björnsson, 4. mars 1953.

Doktor Kristinn er góður, Ólafur urrar: „Það eina sem jeg áskil, er að þú takir mig ekki með“, og ég [Ásgeir] svara, „það verður enginn fluttur í járnum“.⁴³

Ólafur Thors var augljóslega ekki hrifinn af ferð Ásgeirs til Danmerkur og vildi alls ekki fara með. Fljótlega eftir að árið 1954 gekk í garð beið danski hirðstjórinn óþreyjufullur eftir því hverjir yrðu í fylgdarliði forsetans. Forseti átti símtal við Sigurð Nordal 7. janúar 1954 þar sem forseti tilkynnti Sigurði hverjir yrðu væntanlega í för með forsetahjónunum og voru þar nefndir utanríkisráðherra, forsetaritari og eiginkona forsetaritarans, blaðafulltrúi utanríkisráðuneytisins og herbergisþerna forsetafrúarinnar. Forseti gat þó ekki látið Sigurð vita hvort það hefði verið staðfest að utanríkisráðherra yrði með eða ekki en taldi þó líklegt að Kristinn kæmi. Sigurði Nordal lagði áherslu á að utanríkisráðherra yrði með í heimsókn forseta því að ef hann kæmi ekki myndi það eflaust móðga gestgjafana.⁴⁴ Janúar leið án þess að ákvörðun væri tekin hvaða ráðherra færi með forsetanum til Norðurlandana og 23. febrúar kom Sigurður Nordal þeim skilaboðum til forseta Íslands að Johan Vest, hirðstjóri Danakonungs, væri farinn að heimta svar við því hverjir væru í fylgdarliði forsetans. Að lokum gaf hirðstjórinn íslenskum stjórnvöldum frest til 1. mars til að taka ákvörðun um hverjir kæmu.⁴⁵ Ólafur Thors tilkynnti forsetaritari 26. febrúar að dr. Kristinn Guðmundsson myndi fara með forseta Íslands í heimsókn til Norðurlandanna og stóð öll ríkisstjórnin að þeirri ákvörðun.⁴⁶ Forsetaritari sendi skeyti til sendiráðs Íslands í Danmörku 28. febrúar að utanríkisráðherra yrði einn í för, þ.e. eiginkona ráðherrans yrði ekki með.⁴⁷ Fylgdarlið forseta Íslands var þá orðið fullskipað. Með í för var einnig Vigfús Sigurgeirsson ljósmyndari og Jón Magnússon, fréttastjóri Ríkisútvarpsins. Þeir voru þó ekki hluti af fylgdarliði forsetans en sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn var beðið að útvega þeim gistingu sem og sjá til þess að Vigfús fengi álíka aðstöðu og danskir starfsbræður hans til að taka ljósmyndir í hátíðarveislu þjóðhöfðingjanna.⁴⁸

Annar undirbúningur

Þegar ljóst var að forseti færi í opinbera heimsókn til Danmerkur vakti það tilhlökkun hjá flestum Íslendingum búsettum í Danmörku. Sérstök bón barst frá Íslendingafélaginu í

⁴³ Þ.Í. Skrifstofa forseta Íslands. 1994.B/67. 3. Bréf Ásgeirs Ásgeirssonar til Sigurðar Nordal sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn 27. nóvember 1953.

⁴⁴ Þ.Í. Skrifstofa forseta Íslands. 1994.B/67 3. Frásögn. Henrik Sv. Björnsson, 7. janúar 1954.

⁴⁵ Þ.Í. Skrifstofa forseta Íslands. 1994.B/67 3. Bréf frá Sigurði Nordal til forseta Íslands 23. febrúar 1954.

⁴⁶ Þ.Í. Skrifstofa forseta Íslands. 1994.B/67 3. Forsetaritari Henrik Sv. Björnsson, 26. febrúar 1954.

⁴⁷ Þ.Í. Skrifstofa forseta Íslands. 1994.B/67 3. Símskeyti til Sendiráðs Íslands í Kaupmannahöfn 28. febrúar 1954.

⁴⁸ Þ.Í. Utanríkisráðuneytið. 1968. B/32 I. 1947-65. Móttaka erlendra þjóðhöfðingja og ríkisstjórnar. Bréf frá forsetaskrifstofu til Sendiráðs Íslands. Reykjavík, 23. mars 1954.

Kaupmannahöfn að fá að hitta forsetann og fagna honum í fyrstu opinberu heimsókn hans.⁴⁹ Þar sem forsetinn hafði ákveðið að hafa móttöku fyrir Íslendinga búsetta í Danmörku var Íslendingafélaginu í Kaupmannahöfn bent á að hafa samband við sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn svo að stjórn félagsins og meðlimir fengju aðgöngu að móttökunni.⁵⁰

Við opinbera heimsókn þjóðhöfðingja til annars lands er hefðin sú að gesturinn haldi einnig veislu til heiðurs gestgjafa sínum. Þá kom upp vandamál hvar hægt væri að halda slíka veislu í Danmörku. Ásgeir skrifaði Sigurði Nordal bréf þar sem hann segir: „Það erfðasta, sem við höfum að ráða fram úr er mín loka-kveðju-veisla. Konungurinn kemur ekki á hótél, þar er þröngt hjá þér – og auðvitað væri *Gullfoss* ideel fyrir þá kvöldstund. Hann er hótél og forsetabústaður”.⁵¹ Að lokum var ákveðið að halda kveðjuveislu forseta í *Gullfossi* og kostaði Eimskipafélagið veisluna.⁵²

Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn þurfti einnig að sinna ýmsum smáútréttingum vegna heimsóknarinnar. Forseta og utanríkisráðherra gekk illa að finna nothæfa gráa hanska á Íslandi og var sendiráðið beðið að útvega þá.⁵³ Sendiráðið sá einnig um að prenta boðsbréf í nafni forseta í þau boð sem forseti stóð fyrir, sem og að sjá um að blómsveigar væru til reiðu með áletrun: Frá forseta Íslands. Þar sem ferðin var fyrsta opinbera ferð forsetans var skrifstofu forseta ekki kunnugt um hvort senda skyldi þakkarskeyti að heimsókn lokinni og bað sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn að kynna sér reglur í sambandi við það.⁵⁴ Einnig var forseta ókunnugt um hvað hann ætti að gera varðandi minningu Kristjáns X, seinasta konungs Íslands, og að venju var leitað ráða hjá Sigurðar Nordal sem lagði til að blómsveigur yrði lagður að leiði hans.⁵⁵ Sigurður Nordal leitaði ráða hjá siðameistara Danakonungs varðandi hvað ætti að standa nákvæmlega á borðunum sem fylgdu blómsveigunum og kom í ljós að standa átti: “Forseti Íslands og Islands Præsident”, ekki “frá forseta Íslands”. Sigurður Nordal bar borðana á blómsveigunum undir siðameistara Danakonungs til samþykkis til að vera viss um að þeir litu út eins og borðar frá öðrum þjóðhöfðingjum. Ákveðið var að sendiráðið sæi

⁴⁹ Þ.Í. Skrifstofa forseta Íslands. 1994.B/67 3. Forsetaheimsókn: Danmörk (O-403) 1959. Bréf til forseta Íslands frá J. Höberg Petersen. 6. febrúar 1954.

⁵⁰ Þ.Í. Skrifstofa forseta Íslands. 1994.B/67 3. Bréf frá Henrik Sv. Björnssyni forsetaritari til J. Höberg Petersen. 8. febrúar 1954.

⁵¹ Þ.Í. Utanríkisráðuneytið. 1968. B/32 I. 1947-65. Móttaka erlendra þjóðhöfðingja og ríkisstjórnar. Bréf forseta Íslands til Sigurðar Nordal. Bessastaðir, 27. nóvember 1953.

⁵² Þ.Í. Skrifstofa forseta Íslands. 1994.B/67 3. Bréf frá forseta Íslands til Sigurðar Nordal. Reykjavík, 23. mars 1954.

⁵³ Þ.Í. Utanríkisráðuneytið. 1968. B/32 I. 1947-65. Móttaka erlendra þjóðhöfðingja og ríkisstjórnar. Skeyti frá forsetaskrifstofu til Sendiráðs Íslands í Kaupmannahöfn 17. og 27. mars 1954.

⁵⁴ Þ.Í. Utanríkisráðuneytið. 1968. B/32 I. 1947-65. Móttaka erlendra þjóðhöfðingja og ríkisstjórnar. Bréf frá forsetaskrifstofu til Sendiráðs Íslands í Kaupmannahöfn 5. mars 1954.

⁵⁵ Þ.Í. Skrifstofa forseta Íslands. 1994.B/67 3. Bréf frá forseta Íslands til Sigurð Nordal. Reykjavík, 13. janúar 1954.

um að láta prenta boðskort í veisluna í *Gullfossi* og að blómsveigar í nafni forsetans yrðu settir á ákveðna staði. Einn á leiði Kristjáns X, annar á minnismerkinu um fallna Dani úr seinni heimstyrjöldinni og þriðji fyrir dómkirkjuna í Hróarskeldu. Einnig kom í ljós að venjan væri að senda þakkarskeyti að heimsókn lokinni og sendi sendiráð Íslands forsetaskrifstofu dæmi um slíkt þakkarskeyti en það skeyti var frá Júlíönu Hollandsdrottningu og manni hennar.⁵⁶

Dagskrá fyrir heimsókn forseta Íslands til Danmerkur lá fyrir 19. mars 1954 en þá sendi sendiráð Íslands í Danmörku forsetaskrifstofunni endanleg eintök af henni. Var þá hægt að birta hver formlega dagskrá forsetans yrði á meðan dvöl hans í Danmörku stæði.⁵⁷

Dagblöð í Danmörku birtu fréttir af því að von væri á forseta Íslands í fyrstu opinberu heimsókn hans til Danmerkur. Fjallað var um að Ísland hefði lýst yfir sjálfstæði meðan Danmörk var hersetin í seinni heimsstyrjöldinni og að Ásgeir Ásgeirsson, þá þingmaður, hafði verið á móti því að slíta sambandssamningnum við Danmörku meðan landið væri ennþá hersetið af nasistum. Þegar úrslit forsetakosninganna á Íslandi voru ljós árið 1952 var Friðrik IX fyrsti erlendi þjóðhöfðinginn sem sendi Ásgeiri heillaskeyti vegna úrslita kosninganna. Þó að forseti Íslands væri að koma í fyrstu opinberu heimsókn sína til Danmerkur minntust dagblöðin einnig á það að fyrirrennari Ásgeirs í embætti, Sveinn Björnsson, hefði komið til Danmerkur til að vera viðstaddur jarðarför Kristjáns X. Þá hefði Sveinn Björnsson ekki farið í opinbera heimsókn, hvorki til Danmerkur né til annars lands vegna veikinda.⁵⁸

III. Heimsókn forseta Íslands til Danmerkur

Lagt af stað til Danmerkur

Forseti Íslands lagði af stað í Norðurlandaför sína með *Gullfossi* þann 31. mars 1954. Mikill mannfjöldi hafði safnast saman til að kveðja forsetann áður en skipið lagði úr höfn og voru m.a. samin ljóð forsetanum til heilla fyrir för hans.⁵⁹ Handhafar forsetavaldsins kvöddu forseta. Það voru Ólafur Thors forsætisráðherra, Jörundur Brynjólfsson forseti sameinaðs þings og Árni Tryggvason forseti Hæstaréttar. Einnig kvöddu Ásmundur Guðmundsson

⁵⁶ Þ.Í. Skrifstofa forseta Íslands. 1994.B/67 3. Bréf frá Sendiráði Íslands í Kaupmannahöfn til forsetaskrifstofu. 12. mars 1954.

⁵⁷ Þ.Í. Skrifstofa forseta Íslands. 1994.B/67 3. Bréf frá Sendiráði Íslands í Kaupmannahöfn til forsetaskrifstofu. 19. mars 1954.

⁵⁸ Þ.Í. Skrifstofa forseta Íslands. 1994.B/67 3. Úrklippa úr dagblaði. Ódagsett og ekki tekið fram dagsetning né nafn. Eflaust frá febrúar til mars. 1954.

⁵⁹ Lbs.-Hbs. Sigfús Elíasson, Fararheill til forseta Íslands Ásgeirs Ásgeirssonar og forsetafrúar Dóru Þórhallsdóttur í tilefni af Norðurlandaför. 1954. Sjá ljóð í viðauka bls. 55.

biskup Íslands, Gunnar Thoroddsen borgarstjórinn í Reykjavík og erlendir sendiherrar á Íslandi forsetahjónin. Þegar *Gullfoss*, sem hafði verið skreyttur, lagði af stað flautuðu skip sem lágu í höfninni í kveðjuskyni.⁶⁰ Eins og fyrr segir voru forseti Íslands og fylgdarlið hans gestir Eimskipafélagsins og fóru með í ferðina Guðmundur Vilhjálmsson, framkvæmdarstjóri Eimskipafélagsins, og Kristín, kona hans, til að halda gestunum félagsskap á leiðinni til Danmerkur.⁶¹

Þann 4. apríl 1954 sigldi *Gullfoss* í danska landhelgi og sendu dönsku konungshjónin forsetahjónunum skeyti þar sem þau voru boðin velkomin og létu í ljós tilhlökkun þegar forsetinn stigi á danska jörð. Í skeytinu stóð:

Velkommen til danske farvande vi glæder os meget til gensynet i morgen – Ingrid og Frederik.⁶²

Aðfaranótt mánudagsins 5. apríl bárust þær sorgarfréttir að Marta, krónprinsessa Noregs, hefði látist og var því óvíst hvort yrði af heimsókn forsetahjónanna til Noregs.⁶³ Konungsfjölskyldurnar í Danmörku, Noregi og Svíþjóð voru tengdar fjölskylduböndum. Marta, krónprinsessa Noregs, var sænsk prinsessa áður en hún giftist Ólafi, krónprins Noregs, árið 1929.⁶⁴ Drottning Danmerkur, Ingiríður, var sænsk prinsessa⁶⁵ áður en hún giftist Friðrik IX, þá krónprins Danmerkur og norska konungsfjölskyldan er skyld dönsku konungsfjölskyldunni. Friðrik IX og Ólafur, krónprins Noregs (1903-1991), áttu sama afa, Friðrik VIII Danakonung (1843-1912).⁶⁶ Andlát Mörtu, krónprinsessu Noregs, átti því eftir að setja nokkurt strík í heimsókn forseta Íslands til Norðurlandanna, m.a. þurfti að fresta opinberri heimsókn forseta til Noregs en þar ríkti þjóðarsorg í 4 mánuði.⁶⁷

Heimsókn forseta Íslands í Danmörku

Klukkan hálfnjú mánudagsmorguninn 5. apríl var *Gullfoss* staddur sunnan við Helsingør og komu um borð af báti frá danska sjóhernum Sigurður Nordal, kontraadmiral Dal og fuldmægtig Meinstrop. Freigátan *Niels Ebbesen* kom til móts við *Gullfoss* skammt sunnan við Helsingør. Uppstilling var á sjóliðum um borð í freigátunni og skotið var 21 viðhafnarskoti. Óskað var eftir því þegar viðhafnarskotum var skotið að það fólk sem var á

⁶⁰ *Morgunblaðið* 1. apríl 1954, bls. 1 og 2.

⁶¹ Jón Magnússon, „Norðurlandaför forseta Íslands.” *Norræn Jól*. 14. árg. (1954), bls. 10.

⁶² Þ.Í. Skrifstofa forseta Íslands. 1994.B/67 3. Símskeyti 4. apríl 1954. Frá konungshjónum Danmerkur til forsetahjóna Íslands sem voru um borð í Gullfossi.

⁶³ Jón Magnússon, „Norðurlandaför forseta Íslands”, bls. 10.

⁶⁴ *Morgunblaðið* 6. apríl 1954, bls. 1.

⁶⁵ Ernst Mentze, *Frederik IX Konge af Danmark: tidsbilleder gennem 70 år*. Kaupmannahöfn, 1969. bls. 81.

⁶⁶ Anna Lerche og Marcus Mandal, *En kongelig familie. Historien om Christian 9. og hans europæiske efterslægt*. Viborg, 2003, bls. 44.

⁶⁷ *Visir* 5. apríl 1954, bls. 1.

þilfari *Gullfoss* stæði hreyfingarlaust og að karlmenn væru berhöfðaðir. Freigátan fylgdi að lokum *Gullfossi* til Kaupmannahafnar og var um 300 metrum fyrir aftan hann. Þegar *Gullfoss* sigldi inn í hafnarmynni Kaupmannahafnar um kl. 11.15, var skotið 21 viðhafnarskoti á ný frá Sixtusar-virkinu og voru dönsku konungshjónin þá komin að Norður-Tollbúð. *Gullfoss* var bundinn við bryggju kl. 11.30. Skipið sigldi með forsetafánann og þegar forseti Íslands kom í land í Danmörku var fáninn dreginn niður og á sama tíma var skotið viðhafnarskotum frá freigátunni *Niels Ebbesen* og frá Sixtusar-virkinu.⁶⁸

Heiðursvörður og húsarasveit á hvítum hestum voru til staðar þegar konungshjónin tóku á móti forseta Íslands og frú og var konungur klæddur búningi flotaforingja með íslenskt heiðursmerki. Konungshjónin komu um borð í *Gullfoss* og afhenti Friðrik IX Dóru Þórhallsdóttur forsetafrú, blómvönd. Móttökurnar sem forseti Íslands fékk í Danmörku þóttu mjög góðar og skrifaði Jón Magnússon eftirfarandi pistil sem birtist í *Ársriti Norræna félagsins*:

Á tilsettum tíma, kl. 11.15, rann *Gullfoss* inn í höfnina, og blasti þá við álangdar fánaborgin hjá Norður Tollbúð, þar sem konungshjónin biðu, prinsar og ráðherrar. Þar stóð sveit úr lífverði konungs í fylkingu vinstra megin við landganginn en nokkru fjær sátu skrautbúnir riddarar á hvítum hestum.

Umhverfis var mikil mannþröng. Forseti stóð á stjórnþalli, er skipið lagðist að hafnarbakkanum, og var þá leikinn íslenski þjóðsöngurinn. Konungshjónin gengu á skipsfjöl og fylgdu síðan forsetahjónunum í land, og var þá enn skotið úr fallbyssum. Sólin skein á litamergðina og jaðarskúfar blöktu fyrir hægum vindi, skotin dundu, hljómsveitin lék og konungur og forseti gengu saman að heiðursverðinum og könnuðu liðið. Þá óku rauðklæddir knapar fram tveimum opnum skrautvögnum og voru fjórir jarpir hestar fyrir hvorum.

Konungur og forseti óku í fyrri vagninum, drottning og forsetafrú í hinum síðari, en síðan komu riddarar og bifreiðir ráðherra og annars fyrirfólks, en beggja vegna og alla leið heim að Amalíuborg var sægur áhorfenda.⁶⁹

Vegna andláts Mörtu, krónprinsessu Noregs, voru dönsku og íslensku fánarnir dregnir í hálfu stöng klukkan tvö að lokinni móttökuathöfninni og dregið var úr hátíðleika í veislum, t.d. var engin tónlist leikin og hátíðarsýningin, sem átti að vera í Konunglega leikhúsinu, var felld niður. Annars hélst dagskráin óbreytt.⁷⁰

⁶⁸ Þ.Í. Skrifstofa forseta Íslands. 1994.B/67 3. Dagskrá vegna heimsókn forseta til Danmerkur. 20. mars 1954.

⁶⁹ Jón Magnússon, „Norðurlandaför forseta Íslands”, bls. 10.

⁷⁰ Gylfi Blöndal, *Ásgeir Ásgeirsson. Ævisaga*. Reykjavík, 1992, bls. 378.

Morgunblaðið birti einnig fréttir af móttökuathöfninni í Kaupmannhöfn og þóttu Danir sýna forseta Íslands mikla virðingu í alla staði, blaðið nefndi m.a. að landgöngubrúin að *Gullfossi* hefði verið skreytt íslensku fánalitunum. Á leiðinni til Amalíuborg hafði safnast mikill mannfjöldi og var leiðin skreytt íslenskum og dönskum fánum.⁷¹

Morgunblaðið fjallaði einnig um hvað dönsku dagblöðin skrifuðu um heimsókn forseta Íslands. Dönsku dagblöðin voru jákvæð í garð heimsóknar forsetans til Danmerkur og gerðu það sérstaklega að umtalsefni að forseti Íslands kæmi fyrst í heimsókn til Danmerkur. *Politiken* sagði að það væri sögulegur viðburður að þjóðhöfðingjar Íslands og Danmerkur hittust sem jafnréttsháir aðilar og að Norðurlöndin fimm væru nú öll frjáls og fullvalda ríki. Eftir þessa heimsókn yrði norræn samvinna frjórri en áður fyrr. Það að forseti Ísland heimsótti Danmörku fyrst, þó að Ísland hefði byggst frá Noregi, var túlkað sem leið til vináttu og sáttu. Í blaðinu *Socialdemokraten* var skrifað að þrátt fyrir óútkljáð samskipti væri vinátta á milli þjóðanna og enginn hefði getað búist við því að samband Íslands og Danmerkur hefði haldist óbreytt þótt sá tími sem Ísland valdi til sambandsslita hefði valdið vonbrigðum.⁷²

Á meðan á móttökuathöfninni stóð komust þeir farþegar sem voru með *Gullfossi* ekki í land en miðað við lýsingu Jóns Magnússonar, hér á undan, á móttöku forseta Íslands í Danmörku hafa þeir farþegar sem bíða þurftu um borð í *Gullfossi* eflaust haft nóg fyrir sjónum.

Eftir móttökuathöfnina óku forsetinn og gestgjafar hans til Amalíuborgar þar sem snæddur var hádegisverður með konungshjónunum og sæmdi forseti Íslands konung Danmerkur keðju íslensku fálkaorðunnar. Eftir hádegisverðinn fóru forsetahjónin og konungshjónin að Mindelunden þar sem Ásgeir lagði blómsveig að minnismerki um fallna Dani úr seinni heimstyrjöldinni. Klukkan 16 var tekið á móti erlendum sendiherrum í höll Kristjáns VII en þar voru forseti og fylgdarlið hans til húsa. Um kvöldið var veisla konungs í Amalíuborg forseta Íslands til heiðurs.⁷³

Í ræðu konungs í veislunni bauð hann Ásgeir velkominn til Danmerkur, sérstaklega þar sem forseti Íslands væri að koma í fyrsta skipti í opinbera heimsókn. Friðrik IX sagði:

Heimsókn yðar hingað til Danmerkur er sögulegur viðburður.

Fyrirrennari yðar í hinu háa embætti sem þjóðhöfðingi Íslands gat ekki af sjúkdómsástæðum komið fram hinu vingjarnlega áformi að koma til vor í

⁷¹ *Morgunblaðið*, 6. apríl 1954, bls. 1.

⁷² *Morgunblaðið*, 6. apríl 1954, bls. 2.

⁷³ Þ.Í. Skrifstofa forseta Íslands. 1994. B/67 3. 1959. Dagskrá fyrir forsetaheimsókn í Kaupmannahöfn.

opinbera heimsókn. Það er þess vegna í fyrsta sinn að forseti Íslands kemur hingað í opinbera heimsókn.

Konungurinn minntist á heimsókn sína og drottningar til Íslands árið 1937 og þær innilegu móttökur sem þau fengu er þau heimsóttu Ísland sem krónprinspar Íslands og væri heimsókn forseta til Danmerkur nú kærkomin. Konungur vonaði að þær móttökur sem Danmörk veitti forsetanum bæru vott um gagnkvæma virðingu og vináttu á milli þjóðanna. Friðrik IX sagði:

Ég vona að þessi móttaka forseta Íslands og forsetafrúarinnar á þessum stað, sem í gegnum aldirnar hefur verið aðsetur ríkisstjórnar Danmerkur, muni verða talin vottur um gagnkvæma virðingu okkar tveggja norrænu þjóða og bera vott um gagnkvæmt traust og vináttuhug þann sem myndar grundvöllinn að viðskiptum vorum. Ég er sannfærður um, að Ísland og Danmörk muni í fullri eindrægni takast í hendur á þann hátt eins og á sér stað þegar þjóðhöfðingjar mætast í opinberum heimsóknum. Þessi tilfinning fyllir á þessari stund hug vorn gleði.

Friðrik IX var einnig sannfærður að samskipti þjóðanna yrðu góð í þeim málefnum sem þær þurftu að vinna saman að, hvort sem það væri á milli þjóðanna eða sameiginleg markmið í norræna ráðinu og á alþjóðavísu.

Í svarræðu forseta Íslands þakkaði Ásgeir fyrir hin hlýju orð konungs og að Íslendingar tæku með vinarhug í framréttu hönd Dana. Ásgeir sagði:

Það hefur fallið mér í skaut að vera fyrsti forseti Íslands, sem opinberlega sækir Yðar Hátign heim. Það leiðir af sjálfu sér, að fyrsta heimsóknin er gerð til Yðar Hátignar, og vorrar gömlu sambandsþjóðar. Með hrærðum hug steig ég í morgun fæti á danska grund. Minningarnar um marga alda samband Danmerkur og Íslands og margvíslegan breytileik örlaganna brutust fram.

Ásgeir minntist einnig á heimsóknir konunga Danmerkur og Íslands til Íslands sem og heimsókn Friðriks og konu hans árið 1937. Sérstaklega minntist Ásgeir á heillaóskaskeyti Kristjáns X þegar Ísland lýsti yfir sjálfstæði 1944. Ásgeir sagði:

En fyrst og fremst minnumst vér heillaóskaskeytis Hans Hátignar Kristjáns Konungs X, sem barst oss á stofndegri íslenska lýðveldisins, 17. júní 1944. Þegar kveðja konungs barst þann kalda rigningardag var eins og hlýr straumur bærst um vorn fornhelga sögustað, Þingvelli. Enn einu sinni lutum

vér höfði í þakklæti og virðingu fyrir hinum ágæta konungi, sem af hetjulund barðist baráttu bræðrapjóðar vorrar í svartnætti kúgunarinnar.

Um sambandsslit Íslands við Danmerkur sagði Ásgeir að heimsstyrjöldin hefði óvænt rofið sambandið milli þjóðanna tveggja en þrátt fyrir það vakti andstaða Dana við erlent hervald aðdáun Íslendinga og að þjáníngar Danmerkur snertu hjarta Íslendinga. Þegar Danmörk varð á ný frjálst land hefði einnig verið hátíðisdagur Íslendinga. Ásgeir sagði:

Heimsstyrjöldin mikla, sem algjörlega og óvænt rauf sambandið milli þjóða vorra, varð engu að síður til þess að færa oss á ýmsan hátt nær hvor öðrum. Hin hetjulega andstaða dönsku þjóðarinnar gegn hernaðarlegu ofurefli vakti aðdáun vora. Þjáníngar Danmerkur snertu hjörtu Íslendinga. Dagurinn þegar Danmörk varð frjáls var einn mesti hátíðisdagur Íslendinga.

Ásgeir óskaði einnig eftir því að gagnkvæmur skilningur milli þjóðanna myndi styrkja böndin á milli þeirra.⁷⁴

Úr ræðunum má lesa að bæði Friðrik IX og forseti Íslands⁷⁵ óskuðu eftir góðri samvinnu milli landanna þrátt fyrir misklíð. Báðir fjölluðu um efni undir rós sem snertu löndin mikið. Friðrik IX óskaði óbeint eftir farsælli lausn fyrir bæði löndin varðandi handritamálið og Ásgeir sagði óbeint að þó að sjálfstæði Íslands hefði komið á þeim tíma þegar Danmörk var valdalaus hefði það ekki verið illa meint og að Danmörk væri stór hluti af íslenskri sögu. Þrátt fyrir misklíð á milli þjóðanna tveggja væri virðing og vinátta mikilvægari.

Þriðjudaginn 6. apríl hélt opinbera heimsóknin áfram og hófst á því að forsetahjónin fóru til Hróarskeldu til að leggja blómsveig á leiði Kristjáns X og Alexandrínu drottningar, seinustu konungshjóna Íslands. Eftir hádegisverð með konungshjónunum fór íslenska föruneysið til Hótel d'Angleterre⁷⁶ þar sem fjöldi Íslendinga var samankominn til að fagna heimsókn forsetans til Danmerkur.⁷⁷ Um kvöldið átti að vera hátíðarsýning í Konunglega leikhúsinu en eins og komið hefur fram féll sú sýning niður vegna andláts Mörtu, krónprinsessu Noregs.⁷⁸

Miðvikudaginn 7. apríl var hádegisverður um borð í *Gullfossi* þar sem forsetahjónin og konungshjónin snæddu saman með hirðinni. Einnig voru þar viðstaddir helstu fyrimenn Dana; ráðherrar, þingmenn og formenn stjórnmalaflokkanna ásamt eiginkonum sínum. Ekki

⁷⁴ *Vísir* 6. apríl 1954, bls. 4-5, 7.

⁷⁵ Sjá ræður í viðauka bls. 47-48.

⁷⁶ *P.Í.* Skrifstofa forseta Íslands. 1994.B/67 3. Dagskrá fyrir forsetaheimsókn í Kaupmannahöfn.

⁷⁷ Jón Magnússon, „Norðurlandaför forseta Íslands”, bls. 12.

⁷⁸ *Vísir* 6. apríl 1954, bls. 1.

voru margar konur viðstaddar hádegisverðinn enda stóð skýrt í bréfi frá sendiráði Íslands: „Konum verður engum boðið nema þeim sem mæta vegna skyldu og hirðsiða”.⁷⁹

Eftir hádegisverðinn í *Gullfossi* tók borgarstjóri Kaupmannahafnar á móti forsetahjónunum í Ráðhúsinu og skoðuðu þau einnig íslenska listasýningu. Jón Magnússon segir í grein sinni um heimsókn forsetans til Norðurlandanna í *Ársriti Norræna félagsins* að konungshjónin hefðu unað sér svo vel í boði forsetans í *Gullfossi* að forsetahjónin urðu aðeins of sein í móttöku borgarstjóra Kaupmannahafnar og hefði hann og forseti bæjarstjórnar mátt bíða nokkra stund.⁸⁰

Opinberri heimsókn forseta Íslands til Danmerkur lauk klukkan 17.30 miðvikudaginn 7. apríl 1954 og lagði *Gullfoss* frá landi klukkan 18:00.⁸¹ Sama dag var tilkynnt að Friðrik IX hefði sæmt forseta Íslands, Fílsorðunni, sem var tignasta heiðursmerki Dana og að Ásgeir hefði sæmt Danakonung keðju íslensku fálkaorðunnar.⁸² Eftir heimsókn forseta til Danmerkur sendi forseti Íslands Friðrik IX. þakkarskeyti sem í stóð:

Paa min hustrus og egne vegne vil jeg overfor deres Majestæter udtrykke vore varmeste hilsener og hjerteligste tak for den enestaaende gæstfrihed og elskværdighed som deres Majestæter og det danske folk har vist os under vort ophold i Danmark.⁸³

Eins og fram hefur komið var opinberri heimsókn forsetans til Noregs frestað. Yfir páskana dvöldust forsetahjónin því í Fredensborg á Jótlandi og sendi Friðrik IX þeim skeyti þar sem konungshjónin óskuðu þeim gleðilegra páska.⁸⁴ Ásgeir fór í jarðarför Mörtu krónprinsessu fyrir hönd Íslands hinn 21. apríl 1954 í Osló og hélt til Svíþjóðar ásamt frú Dóru og fylgdarliði um kvöldið.⁸⁵

Heimsókn forseta til Danmerkur tókst vel og hafði dr. Kristinn Guðmundsson utanríkisráðherra orð á því í viðtali við *Vísi* en eins og þegar hefur komið fram var Kristinn nokkuð á móti þessari heimsókn þegar hún var á undirbúningsstigi og ríkisstjórn Íslands var lengi að staðfesta það að Kristinn færi með forsetanum í þessa heimsókn. Móttökurnar voru hátíðlegar og innilegar og borgin var fagurlega skreytt hvert sem forseti Íslands og fylgdarlið

⁷⁹ Þ.Í. Utanríkisráðuneytið. 1968. B/32 I. 1947-65. Móttaka erlendra þjóðhöfðingja og ríkisstjórnar. Bréf frá sendiráði Íslands í Kaupmannahöfn til skrifstofu forseta Íslands.

⁸⁰ Jón Magnússon, „Norðurlandaför forseta Íslands”, bls. 12.

⁸¹ Þ.Í. Utanríkisráðuneytið. 1968. B/32 I. 1947-65. Móttaka erlendra þjóðhöfðingja og ríkisstjórnar. Dagskrá heimsóknar forseta Íslands til Danmerkur 1954.

⁸² *Morgunblaðið* 8. apríl 1954, bls. 1.

⁸³ Þ.Í. Skrifstofa forseta Íslands. 1994.B/67 3. Símskeyti frá forseta Íslands til Frederik IX, 1. maí 1954.

⁸⁴ Þ.Í. Skrifstofa forseta Íslands. 1994.B/67 3. Símskeyti frá Frederik IX til forseta Íslands, 18. apríl 1954.

⁸⁵ *Morgunblaðið* 10. apríl 1954, bls. 9.

fóru. Ekki var rætt um handritamálið á meðan á heimsókninni stóð og tók Kristinn fram að ríkisstjórn Danmerkur hafi tekið vel á móti honum þrátt fyrir handritamálið.⁸⁶

Eftir páska héldu heimsóknirnar áfram.⁸⁷ Til Svíþjóðar var komið 22. apríl 1954, þegar forsetahjónin og fylgdarlið komu til Stokkhólms með lest frá Noregi, og lauk þeirri heimsókn 23. apríl. Þótti sú heimsókn einnig takast vel.⁸⁸ Næst á dagskrá var heimsókn forseta og fylgdarliðs til Finnlands en þangað flugu forsetinn og fylgdarlið frá Svíþjóð. *Morgunblaðið* greinir frá 25. apríl að flugvél forseta Íslands hafi verið vernduð af finnskum orustuflugvélum við komu þeirra til Finnlands og þótti blaðinu mikið til koma við móttöku forseta Íslands til Finnlands. Heimsókn Ásgeirs til Finnlands lauk 26. apríl.⁸⁹

Forseti Íslands kemur aftur til Íslands

Forseti Íslands kom aftur til Íslands 7. maí 1954 og tók á móti honum nokkur mannfjöldi. *Gullfoss* var skreyttur fánum og víða blöktu fánar á opinberum byggingum. Lúðrasveit lék ættjarðarlög og skátar mynduðu götu frá *Gullfossi* að bíl forsetans. Handhafar forsetavaldsins voru einnig viðstaddir til að taka á móti forsetanum og borgarstjóri Reykjavíkur sem og ýmsir embættismenn og fulltrúar erlendra ríkja. Klukkan 10 hélt Auður Auðuns, forseti bæjarstjórnar, ræðu þar sem hún bauð Ásgeir velkominn heim og bað hún mannfjöldann að hrópa ferfalt húrrahróp fyrir forsetahjónunum. Forsetinn tók þá til máls og þakkaði hann viðtökurnar og lýsti yfir gleði sinni að vera kominn heim og bað hann mannfjöldann að hrópa ferfalt húrrahróp fyrir ættjörðinni. Eftir húrrahrópin var íslenski þjóðsöngurinn leikinn. Því næst var landgöngubrúnni komið fyrir og fóru handhafar forsetavaldsins um borð auk borgarstjóra, forseta bæjarstjórnar, fulltrúa erlendra ríkja og lögreglustjórans. Þá gengu Ásgeir og Dóra niður landganginn og fagnaði mannfjöldinn þeim innilega.⁹⁰ Forsetahjónin voru komin aftur til Íslands eftir velheppnaða opinbera heimsókn til Norðurlandanna.

Um heimsókn sína til Norðurlandanna sagði Ásgeir forseti Íslands í nýársávarpi sínu 1. janúar 1955:

“Hinn fyrsti forseti Íslands, Sveinn Björnsson, taldi það skyldu, að opinber heimsókn væri gerð af hálfu hins nýstofnaða íslenska lýðveldis til Norðurlanda, þótt honum sakir vanheilsu auðnaðist ekki að fara slíka ferð. Ég er sömu skoðunar; og hafi nokkuð vantað á um fulla sannfæring um nauðsyn

⁸⁶ *Vísir* 9 apríl 1954, bls. 1 og 8.

⁸⁷ *Vísir* 21. apríl 1954, bls. 1.

⁸⁸ *Morgunblaðið* 24. apríl 1954, bls. 1.

⁸⁹ *Morgunblaðið* 27. apríl 1954, bls. 1.

⁹⁰ *Vísir* 7. maí 1954, bls. 1 og 8.

Þessarar farar, þá var það horfið í ferðalok... Vér Íslendingar höfum skilið við Dani samkvæmt samningi og felld niður hið sameiginlega konungdæmi. Ég tel því vel farið, að það bjargaðist fyrir tíu ára afmæli Lýðveldisins, að þjóðirnar tókust í hendur bróðurlega og af heilum hug. Sama er að segja um viðtökurnar í Svíþjóð og Finnlandi; vér Íslendingar getum fagnað þeim með stolti ungs manns, sem er nýorðinn myndugur. Aldrei hefur meira verið ritað í blöð um hið nýja Ísland og hið forna, atvinnulíf, bókmenntir og þjóðmenning, flest af nákvæmri þekking og allt af mikilli velvild... Það féll í hlut okkar hjónanna að vera fulltrúar Íslands. En vissulega giltu móttökurnar ekki okkur persónulega. Það voru ávörp og kveðjur til hinnar íslensku þjóðar, sem flutt voru, og árnaðaróskir til hins unga Lýðveldis. Þjóðirnar eru einstaklingar hver gagnvart annarri, og grasið má ekki gróa í götunni. Ungt og fámennt Lýðveldi á að gera sér far um að knýta fastar vináttuböndin í allar áttir”.⁹¹

⁹¹ Gylfi Gröndal, *Ásgeir Ásgeirsson. Ævisaga*, bls. 383-384.

IV. Undirbúningur að heimsókn þjóðhöfðingja til Íslands

Undirbúningur að heimsókn Friðriks IX Danakonungs til Íslands

Eftir opinbera heimsókn forseta Íslands til Danmerkur og Norðurlandanna var næst komið að þjóðhöfðingjum Norðurlandanna að heimsækja Ísland. Fyrsti þjóðhöfðinginn til að heimsækja Ísland var Friðrik IX Danakonungur ásamt konu sinni Ingiríði drottningu. Haustið 1955 óskaði Friðrik IX eftir því að heimsækja Ísland. Danska sendiráðið kom því á framfæri 26. október 1955 og skyldi heimsóknin standa yfir í þrjá daga og tvær nætur.⁹² Í nóvember sama ár var dagsetningin ákveðin og skyldi heimsókn Danakonungs verða frá 10.- 12. apríl 1956.⁹³ Hinn 7. desember 1955 sendi forseti Íslands Friðrik IX skeyti þar sem Ásgeir bauð konung og drottningu velkomin til Íslands næsta vor. Í skeytinu stóð:

Der er mig en overordentlig stor glæde at få lejlighed til ad modtage Deres Majestæt og Hendes Majestæt Dronningen i Island til næste forår.

Den enestående og hjertelige modtagelse Deres majestæter beredte os i Danmark sidste år, vil altid stå for os som en uforglemmelig oplevelse. Vor eneste bekymring nu er, at vi ikke i lige grad kan gengælde Deres Majestæter den strålende modtagelse vi selv fik i Danmark.

Ásgeir sagði einnig í skeyti þessu að þó móttökurnar á Íslandi yrðu ekki eins íburðamiklar og í Danmörku, þá myndi konungur eflaust finna þann mikla hlýhug sem íslenska þjóðin bæri til konungshjónanna.⁹⁴

Vegna þeirra framfara í samgöngum sem höfðu orðið áratugunum á undan var þetta einnig í fyrsta skipti sem Danakonungur ferðaðist frá Danmörku til Íslands í flugvél en gert var ráð fyrir því að flugvél hans myndi lenda á Reykjavíkflugvelli þann 10. apríl 1956.⁹⁵ Konungur ætlaði fyrst að fara frá Íslandi 12. apríl en ferðin lengdist um einn dag þar sem ákveðið var að konungur heimsótti einnig Grænland. Mesta breytingin á dagskrá heimsóknarinnar var þá að kveðjuhádegisverður varð það að kveðjukvöldverði.⁹⁶ Í för með konungshjónunum yrðu Hans Christian Hansen, forsætisráðherra og utanríkisráðherra

⁹² Þ.Í. Utanríkisráðuneytið. 1968. B/33 II. Móttaka erlendra þjóðhöfðingja og ríkisstjórnar. Til Utanríkisráðuneytis Íslands frá Sendiráði Danmerkur á Íslandi 26. október 1955.

⁹³ Þ.Í. Utanríkisráðuneytið. 1968. B/33 II. Til Utanríkisráðuneytis Íslands frá Sendiráði Danmerkur 29. nóvember 1955.

⁹⁴ Þ.Í. Utanríkisráðuneytið. 1968. B/33 II. Skeyti frá Ásgeiri Ásgeirssyni til Frederik IX Danakonungs. Bessastöðum 7. desember 1955.

⁹⁵ Þ.Í. Utanríkisráðuneytið. 1968. B/33 II. Til utanríkisráðuneytis Íslands frá Sendiráði Danmerkur á Íslandi 15. desember 1955.

⁹⁶ Þ.Í. Utanríkisráðuneytið. 1968. B/33 II. Sendiráð Danmerkur á Íslandi til Utanríkisráðuneytis Íslands 17. febrúar 1956.

Danmerkur, Johan Vest hirðstjóri konungs, Karin Birgitte Schack hirðdama drottningar sem og herbergisþjónn og þerna drottningar.⁹⁷

Nú hófst undirbúningur að heimsókn Friðriks IX Danakonungs til Íslands og var sett á fót sérstök nefnd sem átti að skipuleggja stærstan hluta heimsóknarinnar. Í nefnd þessari voru Birgir Thorlacius ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytisins, Henrik Sv. Björnsson forsetaritari og Hörður Bjarnason húsameistari ríkisins.⁹⁸ Það fyrsta sem nefndin tók ákvörðun um var hvar konungshjónin ættu að gista meðan á heimsókn þeirra stæði. Fjórir staðir komu til greina en það voru Hótel Borg, Ráðherrabústaðurinn í Tjarnargötu 32, leiguhúsnæði eða Bessastaðir. Á þessum tíma var Hótel Borg aðalgistihús Reykjavíkur og þar sem búast mátti við erlendum fréttamönnum sem myndu fylgjast með konungskomunni þótti ekki við hæfi að þeir gistu á sama stað og konungshjónin. Húsnæðið að Bessastöðum hentaði ekki til að taka á móti háttsettum gestum og þá hefði komið upp það vandamál hvar forsetahjónin ættu að gista á meðan heimsókn konungshjónanna stæði. Nefndinni þótti ólíklegt að einkahús fengist til láns fyrir konungshjónin og líklegt væri ef einkahús myndi fást þyrfti eflaust að gera á því lagfæringar til hæfis konungshjónunum og fylgdarliði. Nefndin kom sér saman um að ráðherrabústaðurinn við Tjarnargötu væri besti kosturinn, það þyrfti þó að koma húsinu í stand fyrir heimsóknina.⁹⁹

Húsameistari ríkisins, Björn Rögnvaldsson, sá um endurbæturnar á ráðherrabústaðnum vegna konungsheimsóknarinnar. Meðal annars var skipt um rúðuramma á þremur hliðum og sett í staðinn gler með listum, einnig tvöfalt gler og nýir opnanlegir rammar. Skipt var um veggfóður, málað, og loft var lækkað til að fela leiðslur. Sett var upp nýtt fatahengi og skipt um útihurðir. Ljósakrónur voru færðar úr borðsal í sal á neðri hæð og norðurherbergi. Allar raflagnir voru endurbættar, rör hulin þar sem hægt var og slökkvarar og tenglar felldir inn í vegg. Nýtt baðherbergi á efri hæð var flísalagt, málað og settur á plastdúkur á gólf og hansagardínur fyrir glugga. Í öðrum baðherbergjum var skipt um baðker. Húsið var málað að utan auk girðingarinnar.¹⁰⁰

Ekki var þetta í fyrsta sinn sem ráðist var í miklar endurbætur á húsnæði vegna komu konungs til Íslands. Helga Jóna Eiríksdóttir skrifaði í BA ritgerð sinni um komu Friðrik VII til Íslands árið 1907 að konungurinn gisti í íbúð rektors við Menntaskólann í Reykjavík. Var

⁹⁷ Þ.Í. Utanríkisráðuneytið. 1968. B/33 II. Frá Sendiráði Danmerkur á Íslandi til Utanríkisráðuneytis Íslands, 14. desember 1955.

⁹⁸ Þ.Í. Utanríkisráðuneytið. 1968. B/33 II. Frásögn Henrik Sv. Björnsson, 28. janúar 1959.

⁹⁹ Þ.Í. Forsætisráðuneytið. 1989. B/182 I. Heimsóknir erlendra þjóðhöfðingja, dönsku konungshjónin 1956 – 56. Konungskomunefnd – minnisblað, 14. mars 1956.

¹⁰⁰ Þ.Í. Forsætisráðuneytið. 1989. B/182 I. Húsameistari Ríkisins, lagfæringar á Tjarnargötu 32 vegna konungsheimsóknar, janúar 1956.

skólinn gerður upp að innan sem og að utan vegna komu hans, m.a. var húsið málað og tröppur og gluggar lagaðir. Lóð Menntaskólans var tekin í gegn og voru konur fagnar til að þrifa húsnæðið hátt og lágt. Í Ráðherrabústaðnum bjó enginn þegar Friðrik IX dvaldi þar en í íbúð rektors við Menntaskólann í Reykjavík dvaldi Jóhannes Sigfússon yfirkennari með fjölskyldu sína og þurftu þau að víkja úr íbúðinni fyrir konunginn.¹⁰¹

Undirbúningsnefndin leitaði til sendiráðs Íslands í Frakklandi um hvað ætti að vera á borðum í veislu sem forseti Íslands héldi konungi. Sendiherrann ætlaði að ræða matseðilinn við nokkra góða menn í París en fyrst þurfti hann að vita hvaða hráefni ætti að nota. Aðalvandinn var hver aðalrétturinn ætti að vera og var stungið upp á rjúpum í staðinn fyrir alfranskan mat. Ekki var það einungis matseðilinn sem sendiráðið aðstoðaði með heldur einnig vínlistinn en senda átti vínin frá París til Íslands með *Brúarfossi* í lok marsmánaðar.¹⁰² Vínin sem send voru til Íslands frá Frakklandi vegna heimsóknarinnar voru flöskur af hvítvíni (meðal annars 96 flöskur af Riesling hvítvíni), flöskur af rauðvíni og flöskur af koníaki.¹⁰³ Sendiráð Íslands í París sá einnig um að kaupa matvæli vegna heimsóknarinnar, til dæmis gæsalifur og osta.¹⁰⁴ Í ritgerð Helgu Jónu Eiríksdóttur kemur fram að matur, vín og borðbúnaður var keyptur í Danmörku af Jóni Magnússyni skrifstofustjóra dóms- og kirkjumálaráðuneyti þegar Friðrik VII kom til Íslands árið 1907.¹⁰⁵ Á matseðli við komu hans var því danskur matur og vín á boðstólnum en við heimsókn Friðrik IX leitaði undirbúningsnefnd konungskomunar lengra en til Danmerkur þegar kom að gerð matseðla.

Skreytingar í Reykjavík vegna konungsheimsóknarinnar voru gerðar í samvinnu við Reykjavíkurbæ. Móttökunefndin útvegaði fána, dúka og annað sem fengið var frá Danmörku en bæjarsjóður sá um uppsetningu fánaskreytinga. Skreyta átti Reykjavíkurflugvöll, leið konungs frá Reykjavíkurflugvelli áleiðis að Tjarnargötu, til Bessastaða, Listasafns Einars Jónssonar (11. apríl), Þjóðminjasafns og Melaskóla (12. apríl).¹⁰⁶ Mikið af fánum þurfti að kaupa, m.a. voru keyptir 500 íslenskir og danskir barnafánar sem útdeila átti til þeirra barna sem komu til að bera konungshjónin augum, fánar sem voru dregnir að húni, bifreiðafánar, sem og rauður gólfrenningur fyrir konungshjónin að ganga á þegar þau kæmu til Íslands.¹⁰⁷

¹⁰¹ Lbs.- Hbs. Helga Jóna Eiríksdóttir, *Konungskoman 1907. Um aðdraganda, undirbúning og afleiðingar hennar fyrir Ísland*. B.A.-ritgerð í sagnfræði við Háskóla Íslands 2008, bls. 23.

¹⁰² Þ.Í. Forsætisráðuneytið. 1989. B/182 I. Bréf frá sendiherra Íslands í París til konungskomunefndarinnar. 19. janúar 1956.

¹⁰³ Þ.Í. Skrifstofa forseta Íslands. 1994. B/48 I. Heimsókn dönsku konungshjónanna (H-600) Gagnlegar upplýsingar. Utanríkisráðuneytið 26. apríl 1956.

¹⁰⁴ Þ.Í. Skrifstofa forseta Íslands. 1994. B/48 I. Sendiráð Íslands í Frakklandi París, 12. apríl 1956

¹⁰⁵ Helga Jóna Eiríksdóttir, *Konungskoman 1907*, bls. 20.

¹⁰⁶ Þ.Í. Forsætisráðuneytið. 1989. B/182 I. Skreyting bæjarins – Minnisblað, 14. mars. 1956.

¹⁰⁷ Þ.Í. Utanríkisráðuneytið. 1968. B/33 II. Húsameistari ríkisins Hörður Bjarnason, 10. mars 1956.

Kaupin á fánunum sá Þór Sandholt, skólastjóri Iðnskólans, um er hann fór til Danmerkur. Undirbúningsnefnd heimsóknarinnar bað Þór að snúa sér til fyrirtækisins Lysberg, Hansen og Therp vegna fánakaupa og leigu vegna skreytingar Reykjavíkurbæjar og veitti sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn honum aðstoð við þessi kaup og greiddi sendiráðið einnig allan kostnað við kaupin. Vörurnar voru sendar til Íslands með skipi.¹⁰⁸ Þegar bifreiðafánarnir bárust voru dönsku fánarnir stærri en þeir íslensku og þurfti því að senda einn danskan bifreiðafána til baka til Kaupmannahafnar og var beðið um að fengnir yrðu íslenskir fánar í sömu stærð. Þetta var 10. mars og þar sem rétt um mánuður var til heimsóknar dönsku konungshjónanna til Íslands þurfti að hafa hraðar hendur.¹⁰⁹

Undirbúa þurfti hátíðarsýningu í Þjóðleikhúsinu vegna heimsóknarinnar og þar sem aldrei hafði verið haldin álíka sýning áður á Íslandi var leitað til Konunglega leikhússins í Kaupmannahöfn um það hvernig slík sýning færi fram. Það vafðist mest fyrir undirbúningsnefndinni hvernig haga ætti sætaskipan á sýningunni.¹¹⁰

Undirbúningsnefndinni barst greinargóð lýsing á því hvernig hátíðarsýningar voru haldnar í Konunglega leikhúsinu í Kaupmannahöfn. Í forsetastúku Þjóðleikhússins áttu forsetahjónin að sitja með heiðursgestunum, konungshjónunum, en ef ekki væri hægt að nota forsetastúkuna mætti gera miðbik svalanna að stúku, fjarlægja þá eina eða tvær sætaraðir, slétta gólfið og dúkleggja og koma fyrir fjórum hægindastólum og tjalda yfir. Samkvæmt Konunglega leikhúsinu í Kaupmannahöfn var þetta gert á silfurbrúðkaupshátíð Kristjáns X þegar koma þurfti fleirum fyrir í konungsstúkunni. Hátíðarsýningar eru auglýstar sem „Galaforestilling“ og þá mæta gestir í samkvæmisklæðnaði. Við upphaf sýningarinnar, þegar konungshjónin gengju til sætis í Þjóðleikhúsinu, átti að hylla þau og leika næst konungssöng Dana. Hátíðarsýningunni lyki með þjóðsöng Íslands. Áriðandi væri að allir gestir væru í sætum sínum um stundarfjórðungi áður en forsetahjónin og konungshjónin gengju í stúku.¹¹¹

Meðan á undirbúningi fyrir heimsókn Friðriks IX til Íslands stóð fékk Henrik forsetaritari þau skilaboð frá sendiherra Danmerkur á Íslandi að Danakonungur myndi helst kjósa að hlýða á hljótleika eða aðra tónlist.¹¹² Til að hátíðarsýningin heppnaðist sem best þurfti undirbúningsnefndin að setja saman dagskrá sem væri við hæfi bæði þeirra Íslendinga sem sóttu sýninguna en þó aðallega fyrir heiðursgest hennar, Friðrik IX, sem var þekktur fyrir

¹⁰⁸ Þ.Í. Utanríkisráðuneytið. 1968. B/33 II. Til sendiráðs Íslands í Kaupmannahöfn frá skrifstofu forseta Íslands 13. mars 1956.

¹⁰⁹ Þ.Í. Skrifstofa forseta Íslands. 1994. B/48 I. Til sendiráðs Íslands í Danmörku. 10. mars 1956.

¹¹⁰ Þ.Í. Utanríkisráðuneytið. 1968. B/33 II. Frá Henrik Sv. Björnssyni til Sendiráðs Íslands í Danmörku, 13. febrúar 1956.

¹¹¹ Þ.Í. Utanríkisráðuneytið. 1968. B/33 II. Frá sendiráði Íslands í Danmörku til skrifstofu forseta Íslands, 24. janúar 1956.

¹¹² Þ.Í. Utanríkisráðuneytið. 1968. B/33 II. Frásögn Henrik Sv. Björnssonar, Reykjavík, 1. mars 1956.

áhuga sinn á tónlist.¹¹³ Kom því þessi ábending frá Danmörku um að tónlist yrði uppistaðan á hátíðarsýningunni ekki á óvart.

Undirbúningsnefndin vildi einnig geta boðið upp á danska tónlist meðan á heimsókn konungshjónanna stóð og var Björn Jónsson, framkvæmdarstjóri Sinfóníuhljómsveitarinnar, beðinn að kaupa danskar konungsmarsanótur fyrir lúðrasveit sem og aðrar nótur af danskri tónlist.¹¹⁴

Danskir blaðamenn

Í tilefni heimsóknar Friðriks IX og Ingiríðar ákvað ríkisstjórn Íslands að bjóða sex blaðamönnum til Íslands frá 4. - 14. apríl 1956. Blaðamennirnir sem boðið var máttu dveljast lengur á Íslandi ef þeir vildu en þá þyrftu þeir sjálfir að sjá um gistingu og uppihald en farmiðinn til baka myndi sjálfkrafa gilda áfram.¹¹⁵ Þeir blaðamönnum sem var boðið voru Svend Ludvigsen, ritstjóri frá Statsradiofonien, Jørgen Anker Nielsen, ritstjóri *Ritzau Bureau*, Einer Poulsen, ritstjóri *Radikale Venstres Pressebureau*, Lohmann Kragh, ritstjóri *Socialdemokratisk Provinspresse*, Ingvar Lindetoft, ritstjóri *Venstres Pressebureau* og Paul Clarsen, ritstjórnarfulltrúi *Den Konservative General Korrespondance*.¹¹⁶

Blaðamönnunum var ekki eingöngu séð fyrir uppihaldi og gistingu meðan á dvöl þeirra stóð því einnig var þeim sinnt sem gestum ríkistjórnarinnar. Sett var upp dagskrá þar sem þeir myndu fá að kynna Íslandi og því sem landið hefur upp á að bjóða. Blaðamennirnir komu til Íslands 4. apríl og lentu á Reykjavíkflugvelli. Meðan á dvöl þeirra stóð gistu þeir á Hótel Borg. Fimmtudaginn 5. apríl var farið með blaðamennina í útsýnisferð um Reykjavík og skoðaðir þeir staðir sem Friðrik IX myndi einnig skoða. Um kvöldið var frumsýning í Þjóðleikhúsinu sem blaðamennirnir sóttu. Föstudaginn 6. apríl skoðuðu blaðamennirnir Reykjalund. Laugardaginn 7. apríl var opnun á danskri listaverkasýningu sem haldin var vegna heimsóknar Danakonungs og voru blaðamennirnir viðstaddir þá sýningu. Sunnudaginn 8. apríl fóru blaðamennirnir til Krýsuvíkur þar sem hverir voru skoðaðir. Um kvöldið héldu dönsku blaðamennirnir í Skíðaskálann á Hellisheiði þar sem Blaðamannafélag Íslands hélt þeim kvöldverð. Mánudagskvöldið 9. apríl heimsóttu blaðamennirnir sendiherra Danmerkur, frá Bodil Begtrup. Frá 10. - 12. apríl var samsettri dagskrá fyrir blaðamennina lokið og við

¹¹³ Ernst Mentze, *Frederik IX Konge af Danmark*, bls. 59.

¹¹⁴ Þ.Í. Utanríkisráðuneytið. 1968. B/33 II. Konungskomunefnd. Ódagsett.

¹¹⁵ Þ.Í. Forsætisráðuneytið. 1989. B/182 I. Símskeyti til sendiráðs Íslands í Kaupmannahöfn, 6. mars 1956.

¹¹⁶ Þ.Í. Forsætisráðuneytið. 1989. B/182 I. Heimsókn danskra blaðamanna til Íslands vegna konungsheimsóknar frá 4. til 14. apríl. 1956.

tók dagskrá vegna heimsóknar konungshjónanna til Íslands en dönsku blaðamennirnir fylgdu þeim hvert fótspor.¹¹⁷

Þegar ríkisstjórn Íslands ákvað að bjóða dönskum blaðamönnum til Íslands benti danska utanríkisráðuneytið á að það væri varla þörf á því að bjóða dönskum blaðamönnum til Íslands þar sem fastlega var búist við að allmörg dönsk blöð myndu senda blaðamenn til Íslands til að fylgjast með konungsheimsókninni.¹¹⁸ Þegar forseti Íslands fór í heimsókn til Danmerkur 1954 hafði ríkisstjórn Danmerkur boðið nokkrum íslenskum blaðamönnum til Danmerkur í tilefni heimsóknarinnar.¹¹⁹ Greinilegt þykir að ríkisstjórn Íslands vildi sýna sömu gestrisni og ríkisstjórn Danmerkur sýndi íslenskum blaðamönnum en eflaust einnig sýna að íslenska ríkisstjórnin gæti boðið upp á álíka hluti og Danmörk bauð í heimsókninni 1954.

¹¹⁷ Þ.Í. Forsætisráðuneytið. 1989. B/182 I. Heimsókn danskra blaðamanna til Íslands vegna konungsheimsóknar frá 4. til 14. apríl. 1956.

¹¹⁸ Þ.Í. Utanríkisráðuneytið. 1968. B/33 II. Frásögn Henriks Sv. Björnssonar, 1. mars 1956.

¹¹⁹ *Vísir* 10. apríl 1956, bls. 1.

V. Heimsókn Friðriks IX Danakonungs og drottningar

Fyrsti dagur heimsóknar Friðriks IX

Eins og Íslendingum er venja var mikið hugsað um hvort veðrið myndi sýna sínar bestu hliðar þegar konungshjónin kæmu til Íslands. Dagana fyrir heimsókn þeirra var frost og hvassviðri en þegar 10. apríl rann upp skein sólin og vind hafði lægt. Í tilefni heimsóknarinnar var öllum börnum gefið frí úr skóla eftir hádegi 10. apríl og fjölmenntu skólabörn með fána meðfram þeirri leið sem konungshjónin óku að ráðherrabústaðnum. Mörg fyrirtæki og stofnanir voru lokuð eftir hádegi vegna heimsóknarinnar og höfðu margar verslanir skreytt búðarglugga sína vegna heimsóknarinnar með íslenskum og dönskum fánum, stillt upp myndum af konungshjónunum og börnum þeirra sem og myndum af íslensku forsetahjónunum. Reykjavík var í hátíðarbúningi fyrir móttöku konungshjónanna.¹²⁰

Opinber heimsókn Friðriks IX Danakonungs og Ingiríðar drottningar hófst 10. apríl 1956 er þau lentu á Reykjavíkurlugvelli klukkan 14.30.¹²¹ Veðrið var gott þegar konungshjónin lentu í Reykjavík en bjart og þurr var í veðri.¹²² Konungsflugvélin lenti á Reykjavíkurlugvelli samkvæmt áætlun en vegna óvissu um veðurskilyrði hafði verið búið að undirbúa landingu á Keflavíkurlugvelli ef aðstæður yrðu slæmar vegna veðurs.¹²³ Forseti Íslands og frú tóku á móti konungshjónunum,¹²⁴ er þau stigu niður á rauðan dregil og við dregilinn stóðu um 20 lögregluþjónar heiðursvörð.¹²⁵ Allir helstu ráðamenn íslensku þjóðarinnar voru einnig viðstaddir móttökuathöfnina; ráðherrar ríkisstjórnar Íslands, forseti Alþings, forseti Hæstaréttar, sendiherra Dana á Íslandi, sendiherra Íslands í Danmörku, borgarstjórinn í Reykjavík og forseti borgarstjórnar. Eftir að forsetahjónin höfðu heilsað Danakonungi og drottningu voru leiknir danski konungssöngurinn og íslenski þjóðsöngurinn og að því loknu kynnti forseti Íslands viðstadda fyrir konungshjónunum og síðan lá leiðin að ráðherrabústaðnum. Lögreglustjórinn í Reykjavík ók á undan bílalestinni og fylgdu með fimm lögregluþjónar á móturhjólum. Forseti Íslands og Friðrik IX voru í forsetabifreið nr. 1 og á eftir þeim komu frú Dóra forsetafrú og Ingiríður Danadrottning. Síðan komu forsætisráðherrar og utanríkisráðherrar Íslands og Danmerkur og aðrir í fylgdarliði konungshjónanna. Í bílalestinni voru samtals sex bifreiðar fyrir utan bíl lögreglustjóra. Ekið var eftir Miklubraut,

¹²⁰ Þ.Í. Skrifstofa forseta Íslands. 1994. B/48 I. Ólafur Gunnarsson, úrdráttur um heimsókn konungshjónanna til Íslands sem skrifað var fyrir *Politiken*.

¹²¹ *Vísir* 11. apríl 1956, bls. 1.

¹²² *Vísir* 10. apríl 1956, bls. 1.

¹²³ Þ.Í. Utanríkisráðuneytið. 1968. B/33 II. Henrik Sv. Björnsson, 8. febrúar 1956.

¹²⁴ Þ.Í. Forsætisráðuneytið. 1989. B/182 I. Dagskrá heimsóknar.

¹²⁵ *Þjóðviljinn* 11. apríl 1956, bls. 1.

Hringbraut, Sóleyjargötu, Frikirkjuvegi, Lækjargötu, Austurstræti, Pósthússtræti, Kirkjustræti, Templarasundi, Vonarstræti og Tjarnargötu. Þær bifreiðar sem forseta- og konungshjónin voru í stönsuðu við ráðherrabústaðinn en þær bifreiðar sem keyrðu fylgdarlið konungshjónanna héldu áfram að Hótel Borg. Lögreglumenn voru við ráðherrabústaðinn og Hótel Borg. Farangurinn úr konungsflugvélinni var fluttur í fylgd lögreglu frá flugvellingum að ráðherrabústaðnum þegar bílalestin var lögð af stað.¹²⁶ Í tilefni konungsheimsóknarinnar til Íslands hafði íslenska ríkið keypt nýjan forsetabíl sem flutti Friðrik IX og forseta Ísland að ráðherrabústaðnum.¹²⁷ Forsetahjónin fylgdu konungshjónunum að ráðherrabústaðnum en við Hótel Borg tók Birgir Thorlacius, ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytisins, á móti danska fylgdarliðinu sem gisti þar.¹²⁸ Í fylgdarliði konungshjónanna voru H. C. Hansen, forsætis- og utanríkisráðherra Danmerkur, Johan Vest kammerherra og stallari konungs, Karin Birgitte Schack komtesse og S. Glarborg höfuðsmaður. Í íslensku fylgdarliði konungshjónanna voru Guðmundur Vilhjálmsson framkvæmdarstjóri, frú Gróa Thorfhildur Björnsson, Pétur Sigurðsson forstjóri, og fylgdarmaður forsætis- og utanríkisráðherra Danmerkur var Niels P. Sigurðsson, fulltrúi í utanríkisráðuneytinu.¹²⁹

Á leiðinni frá flugvellingum að ráðherrabústaðnum hafði fólk safnast saman til að sjá bílalestina keyra hjá og var talið að um 15-20 þúsund manns hefðu komið til að sjá konungshjónin. Þegar þau voru komin inn í ráðherrabústaðinn komu þau út á svalir til að heilsa því fólki sem kom til að bera þau augu við góðar undirtektir mannfjöldans. Samkvæmt Ólafi Gunnarssyni sem skrifaði útdrátt um konungsheimsóknina fyrir *Politiken* voru börnin spariklædd með danska og íslenska fána í hönd. Lögreglan hafði nokkuð fyrir því að hafa stjórn á mannfjöldanum og í nágrenni við ráðherrabústaðinn var mikið af börnum og ljósmyndurum sem reyndu að koma auga á konungshjónin.¹³⁰ Nokkrir fjölskyldumeðlimir höfundar muna eftir því þegar konungshjónin komu og að þau sem börn voru sett í bað og klædd í sín bestu föt áður en þau fóru að bera konungshjónin augum.

Íslensku dagblöðin fjölluðu um heimsókn dönsku konungshjónanna þennan dag og var hvergi að finna í þeirri umfjöllun annað en að konungshjónin væru velkomin til Íslands. *Morgunblaðið* birti myndir af konungshjónunum á forsíðu blaðsins og fjallaði um dagskrá

¹²⁶ Þ.Í. Forsætisráðuneytið. 1989. B/182 I. Dagskrá heimsóknar.

¹²⁷ Þ.Í. Skrifstofa forseta Íslands. 1994. B/48 I. Ólafur Gunnarsson, útdráttur fyrir *Politiken*.

¹²⁸ Þ.Í. Forsætisráðuneytið. 1989. B/182 I. Dagskrá heimsóknar.

¹²⁹ Þ.Í. Forsætisráðuneytið. 1989. B/182 I. Dagskrá heimsóknar.

¹³⁰ Þ.Í. Skrifstofa forseta Íslands. 1994. B/48 I. Ólafur Gunnarsson, útdráttur fyrir *Politiken*.

dagsins.¹³¹ Vísir birti einnig myndir af konungshjónunum á forsíðunni og minntist á fyrri heimsóknir Danakonunga til Íslands og birti æviágrip Friðriks IX og fjölskyldu hans.¹³²

Alþýðublaðið fjallaði einnig um heimsókn dönsku konungshjónanna til Íslands og sagði að það væri gleðiefni að fyrsti erlendi þjóðhöfðinginn sem kæmi í opinbera heimsókn til Íslands væri Danakonungur.¹³³ Bládamönnum hafði verið boðið í ráðherrabústaðinn 7. apríl 1956 til að skoða þær endurbætur sem gerðar höfðu verið á húsinu í tilefni heimsóknarinnar. *Alþýðublaðið* skrifaði um endurbæturnar og sagði að húsið væri vistlegt en laust við allt þrjál og að það viðhald sem hefði verið gert hefði verið tímabært þar sem engar endurbætur hefðu verið gerðar síðan 1944.¹³⁴

Eftir að konungshjónin höfðu komið sér fyrir í ráðherrabústaðnum fóru þau áleiðis að Bessastöðum klukkan 15:40 til tedrykkju. Að henni lokinni tóku konungshjónin á móti fulltrúum erlendra sendiráða á Íslandi og mökum þeirra í ráðherrabústaðnum.¹³⁵

Um kvöldið var kvöldverðarboð forseta Íslands að Hótel Borg til heiðurs konungshjónunum.¹³⁶ Kvöldverðurinn hófst klukkan 20 og lék lúðrasveit á Austurvelli fyrir utan Hótel Borg þegar gestir komu til veislunnar.¹³⁷ Um 150 manns var boðið til kvöldverðarins. Við háborðið sátu forseti Íslands og Friðrik IX fyrir miðju og var Ingiríður við hlið forseta og Dóra við hlið Friðriks IX. Meðal gesta voru ráðherrar ríkisstjórnar Íslands og fylgdarlið konungshjónanna, frú Bodil Begtrup sendiherra Danmerkur á Íslandi og sendiherrar annarra þjóða á Íslandi, Ásmundur Guðmundsson biskup Íslands, formenn stjórnsmálaflokka, Gunnar Thoroddsen borgarstjóri Reykjavíkur, Halldór Laxness ásamt fleiri gestum. Boðið var upp á uxahalasúpu, humar a'la Victoria, kalkúnaunga fyllta með kastaníuhnetum og ommilettu á íslenskan máta. Undir borðum var leikin tónlist m.a. Íslendingaljóð Hallgríms Helgasonar, Jón Leifs, Mozart, Carl Nielsen og fleiri. Kvöldverðarsalur Hótel Borgar var skreyttur með hvítum og rauðum blómum og bak við háborðið voru íslenski og danski fáninn. Forsetafrúin var klædd í íslenska skautbúninginn¹³⁸ og var drottningin klædd í síðkjól og með demantskraut í hárinu.¹³⁹ Fyrir utan Hótel Borg var

¹³¹ *Morgunblaðið* 10. apríl 1956, bls. 1.

¹³² *Vísir* 10. apríl 1956, bls. 1.

¹³³ *Alþýðublaðið* 10. apríl 1956, bls. 1.

¹³⁴ *Alþýðublaðið* 8. apríl 1956, bls. 7.

¹³⁵ Þ.Í. Forsætisráðuneytið. 1989. B/182 I. Dagskrá heimsóknar.

¹³⁶ Þ.Í. Skrifstofa forseta Íslands. 1994. B/48 I. Ólafur Gunnarson, úrdráttur fyrir *Politiken*.

¹³⁷ Þ.Í. Forsætisráðuneytið. 1989. B/182 I. Dagskrá heimsóknar.

¹³⁸ Þ.Í. Skrifstofa forseta Íslands. 1994. B/48 I. Ólafur Gunnarsson, úrdráttur fyrir *Politiken*.

¹³⁹ Sbr. mynd í *Se og Hør* 17. árg. 1956, bls. 3.

búið að skreyta með íslenskum og dönskum fánum og var þar fyrir utan nokkur mannfjöldi saman kominn til að sjá dönsku konungshjónunum bregða fyrir.¹⁴⁰

Í ávarpi sínu til konungs bauð Ásgeir Ásgeirsson konung og drottningu Danmerkur velkomin til Íslands og þakkaði fyrir gestrisni og hlýju við heimsókn forsetahjónanna til Danmerkur tveimur árum áður. Forseti minntist fyrri heimsókna Friðriks IX, þegar hann var krónprins Íslands og Danmerkur og heimsókna fyrri konunga Danmerkur. Einnig ræddi forseti um heillaskeyti sem Kristján X sendi til Íslands þegar Íslendingar lýstu yfir sjálfstæði frá Danmörku 1944 og sagði Ásgeir að þetta skeyti væri til fyrirmyndar öðrum þjóðhöfðingjum. Með heimsókn sinni til Íslands hefði konungur staðfest og fullkomnað kveðju Kristjáns X. Auk þess að styrkja vináttubönd Íslands og Danmörku. Ásgeir bætti við:

Yðar hátign hefir með allri framkomu yðar í Íslands garð staðfest þessar kveðjur og árnaðaróskir, og fullkomnað það með því að koma nú sem hinn fyrsti erlendi þjóðhöfðingi í opinbera heimsókn til vors endurreista Lýðveldis. Þessi stund er oss viðkvæm og jafnframt til mikils fagnaðar, líkt og þær úrslitastundir sögunnar, þar sem hvort getur farið sína leið, hið persónulega og hið pólitíska. Við þessa samfundi rifjum vjer ekki einungis upp gamla vináttu, heldur styrkjum og treystum ný vináttubönd við yður sem vinsælan og mikilsvirtan konung vorrar dönsku frændþjóðar!

Ásgeir fór einnig fallegum orðum um Danmörk og dönsku þjóðina og óskaði eftir samvinnu og vináttu milli Íslands og Danmerkur.¹⁴¹

Í svarræðu Friðriks IX þakkaði hann fyrir vinsamlega kveðju forsetans og þær hlýju móttökur sem konungshjónin hefðu fengið hjá forsetahjónunum og íslensku þjóðinni. Hann minntist einnig á fyrri heimsóknir sínar til Íslands. Friðrik sagði:

Drottning og ég flytjum yður, herra forseti, innilegustu þakkir fyrir hina vingjarnlegu kveðju. Þau hlýju orð, sem þér hafið beint til okkar, og hinar hjartanlegu móttökur, sem þér og frú Dóra Þórhallsdóttir og íslenska þjóðin hafa búið okkur, hafa glatt okkur bæði mjög mikið.

Frá því ég kom hingað fyrst 1921 með foreldrum mínum hefur mér virzt Ísland eitt hinna fegursta landa, er ég hef séð, og þessi tilfinning hefur orðið sterkari í hvert sinn, er ég hef komið hér síðan. Ég hef ávallt hrifizt af hinni stórbrotnu náttúru landsins, og er ég minnst þeirrar vináttu og samúðar, er mér,

¹⁴⁰ Þ.Í. Skrifstofa forseta Íslands. 1994. B/48 I. Ólafur Gunnarsson, úrdráttur fyrir *Politiken*.

¹⁴¹ Þ.Í. Skrifstofa forseta Íslands. 1994. B/48 I. Konungsávarp Ásgeirs Ásgeirssonar, 10. apríl 1956.

og drottningunni einnig, er við komum hér 1937, hefur verið sýnd hér á landi á svo margan hátt, er það einlæg gleði að líta aftur þetta land.

Friðrik IX lagði áherslu á þá sérstaka þýðingu að Danakonungur væri fyrsti þjóðhöfðinginn sem heimsækti forseta Íslands. Friðrik IX sagði:

Vorið 1954, er mér veittist sú ánægja að bjóða yður, herra forseti, og frú Dóru Þórhallsdóttur velkomin til Danmerkur, komst ég að svo orði, að koma yðar til Danmerkur væri sögulegur atburður, því að það var fyrsta opinber heimsókn forseta Íslands til Danmerkur. Á sama hátt er mér ljós hin sérstaka þýðing heimsókarinnar hér, er konungur Danmerkur heimsækir forseta Íslands heim í fyrsta sinn.¹⁴²

Í báðum ræðunum fjölluðu forseti Íslands og Danakonungur um vináttubönd þjóðanna og mikilvægi þess að þær stæðu saman. Báðir töluðu einnig um sameiginlega sögu landanna. Með heimsókn Danakonungs til Íslands væri verið að leggja áherslu á bandalag þjóðanna tveggja og von um farsæla framtíð. Um ákveðin málefni var ekki rætt, s.s. handritamálið, en þjóðhöfðingjarnir óskuðu báðir eftir farsælu samstarfi þjóðanna í öllum efnum.¹⁴³

Hér má benda á að í heimsókn forseta Íslands til Danmerkur 1954 þótti ekki við hæfi að hádegisverður forseta Íslands færi fram á hóteli heldur var hið ágæta skip *Gullfoss* fyrir valinu. Hvort ástæðan fyrir því að samþykkt var að konungshjónin snæddu á hóteli á Íslandi vegna þess að annað hentugt húsnæði á Íslandi var ekki fyrir hendi kemur ekki fram í heimildum.

Annar dagur heimsóknar Friðriks IX

Miðvikudaginn 11. apríl hélt opinber heimsókn dönsku konungshjónanna áfram og um klukkan hálf ellefu heimsóttu þau Listasafn Einars Jónassonar. Næst var guðsþjónusta í Dómkirkjunni¹⁴⁴ þar sem biskup Íslands, Ásmundur Guðmundsson, messaði fyrst á íslensku en síðan á dönsku. Guðsþjónustan var opin öllum. Nokkur sæti voru frátekin fyrir hinu tignu gesti sem var heppilegt vegna þessa að Dómkirkjan var troðfull. Ólafur Gunnarsson, sálfræðingur, nefnir í útdrátti sínum fyrir *Politiken* að það sé sjaldgæf sjón að kirkjur séu fullsetnar nema í jarðaförum og það hafi því verið nærvera Friðriks IX og Ingiríðar sem varð

¹⁴² Þ.Í. Skrifstofa forseta Íslands. 1994. B/48 I. Svarræða Friðriks IX. við ávarpi forseta Íslands. 10. apríl 1954.

¹⁴³ Ræðurnar sjálfar eru í viðauka ritgerðar, bls. 48-51.

¹⁴⁴ Þ.Í. Forsætisráðuneytið. 1989. B/182 I. Dagskrá heimsóknar.

til þess að kirkjan var fullsetin í þessari messu.¹⁴⁵ Eftir messuna í Dómkirkjunni sem lauk klukkan 11.45 var næst á dagskrá hádegisverður að Bessastöðum.¹⁴⁶

Eftir hádegisverðinn tóku konungshjónin á móti gestum í danska sendiráðinu í Reykjavík. Við þessa móttöku voru um 150 gestir, margir af þeim voru Danir sem höfðu verið búsettir lengi á Íslandi. Þegar konungshjónin höfðu heilsað gestunum hélt Bodil Begtrup stutta ræðu þar sem hún sagði að allir Danir á Íslandi hefðu hlakkað mikið til heimsóknar konungshjónanna og að sendiráðið hefði reynt að bjóða sem flestum meðan húsrúm leyfði. Bodil Begtrup sagði m.a.:

Den, som har levet en aarrække i Island, ved at intet folk staar islændingene nærmere en det danske. Men siden krigens aar har der hersket en vis afventende spænding mellem landene, og jeg kan forsikre Deres Majestæter, at Deres landsmænd her er taknemmelige for, at deres beundrede kongepar ved detta enestaaende besøg viser verden et forbillede og bringer varme og venskab mellem Danmark og Island.

Konungshjónin spjölluðu nokkra stund við gestina eftir ræðu sendiherrans og var gestum boðið upp á kampavín og sígarettur.¹⁴⁷

Eftir móttöku í danska sendiráðinu sem lauk kl. 17. var næst á dagskrá kvöldverður í Naustinu sem hófst klukkan 19. Var þessi kvöldverður látlaus og var aðeins 24 gestum boðið. Eftir kvöldverðinn í Naustinu var haldið til Þjóðleikhússins þar sem hátíðarsýning var haldin til heiðurs konungshjónunum og hófst hún kl. 20.¹⁴⁸

Sýningin var aðeins fyrir boðsgesti og því engir miðar til sölu. Forsetastúkan var skreytt með blómum og einnig með dönsku og íslensku fánunum. Guðlaugur Rósinkrans þjóðleikhússtjóri og Vilhjálmur Þ. Gíslason, formaður leikhúsráðs, tóku á móti heiðursgestunum og fylgdu þeim að forsetastúkunni.¹⁴⁹ Þegar þeir birtust í forsetastúkunni var blásið í lúðra og bumbur barðar og leikhúsgestir risu úr sætum.¹⁵⁰ Þegar konungs- og forsetahjónin voru sest bað Vilhjálmur viðstadda að hylla konungshjónin með fjórföldu húrrahrópi og að því loknu lék Sinfóníuhljómsveitin „Kong Christian“, konungslag Danmerkur.¹⁵¹ Sýningin hófst með hljómleikum þar sem dr. Páll Ísólffsson stjórnaði Egmont-forleik op. 85 eftir Ludwig van Beethoven og Introduction og passacaglia í f-moll. Næst á

¹⁴⁵ Þ.Í. Skrifstofa forseta Íslands. 1994. B/48 I. Ólafur Gunnarsson, úrdráttur fyrir *Politiken*.

¹⁴⁶ Þ.Í. Forsætisráðuneytið. 1989. B/182 I. Dagskrá heimsóknar.

¹⁴⁷ Þ.Í. Skrifstofa forseta Íslands. 1994. B/48 I. Ólafur Gunnarsson, úrdráttur fyrir *Politiken*.

¹⁴⁸ Þ.Í. Skrifstofa forseta Íslands. 1994. B/48 I. Ólafur Gunnarsson, úrdráttur fyrir *Politiken*.

¹⁴⁹ Þ.Í. Skrifstofa forseta Íslands. 1994. B/48 I. Ólafur Gunnarsson, úrdráttur fyrir *Politiken*.

¹⁵⁰ *Morgunblaðið* 12. apríl 1956, bls. 9.

¹⁵¹ Þ.Í. Skrifstofa forseta Íslands. 1994. B/48 I. Ólafur Gunnarsson, úrdráttur fyrir *Politiken*.

eftir var sínfónía í c-dúr eftir Jón Nordal, Bjarkamál, flutt í fyrsta skipti. Eftir hlé var óperan *Cavalleria rusticana* flutt og lék Sínfóníuhljómsveit Íslands undir og Þjóðleikhúskórinn aðstoðaði við sýninguna. Hátíðarsýningunni lauk með þjóðsöng Íslands „Ó, guð vors lands“.¹⁵²

Hátíðarsýningin í Þjóðleikhúsinu tókst vel. Þóttist Ólafur Gunnarsson sjá ánægjubros á andliti Friðriks IX eftir sýninguna. Nokkur mannfjöldi hafði safnast saman fyrir utan Þjóðleikhúsið í von um að sjá konungshjónunum bregða fyrir.¹⁵³

Þriðji og lokadagur heimsóknar Friðriks IX

Fimmtudaginn 12. apríl 1956 var lokadagur heimsóknar dönsku konungshjónanna á Íslandi. Dagskráin hófst með heimsókn í Háskóla Íslands klukkan 10. Háskólarektor, dr. Þorkell Jóhannsson, tók á móti forseta- og konungshjónum fyrir neðan tröppur Háskólans og fylgdi þeim inn. Með í för voru H. C. Hansen forsætis- og utanríkisráðherra Danmerkur, Bjarni Benediktsson menntamálaráðherra, sendiherrarnir Bodil Begtrup og Sigurður Nordal og fleiri. Athöfnin var stutt, aðeins hálf tími á lengd. Hún hófst með því að háskólarektor flutti ávarp og var því næst fluttur kafli úr hátíðakantötu Sveinbjörns Sveinbjörnssonar. Næst flutti Tómas Guðmundsson kvæði á íslensku en áður höfðu erlendir gestir fengið eintak á dönsku, sem var þó órímað,¹⁵⁴ og lokaatriði heimsóknarinnar í Háskóla Íslands var kafli úr kantötu Sveinbjörns.¹⁵⁵ Heimsókn konungshjónanna í Háskóla Íslands var lokuð athöfn þar sem gestum var sérstaklega boðið að vera viðstaddir. Tekið var fram í heimildum um heimsóknina í Háskólann að engar konur yrðu viðstaddir nema þær sem stöðu sinnar vegna ættu að vera þar. Orðrétt stendur: „Konur verða ekki viðstaddir, nema drottning, forsetafrú, ambassador Dana og aðrar þær, er stöðu sinnar vegna eiga þarna að vera (þ.á.m starfsstúlka háskólans, Erla Elíasdóttir).“¹⁵⁶

Frá Háskóla Íslands var haldið að Reykjalundi þar sem konungshjónin skoðuðu starfsemina og ræddu við starfsfólk og vistmenn staðarins. Samkvæmt Ólafi Gunnarssyni fannst konungshjónunum Reykjalundur áhugaverður staður og hafði eftir Ingiríði drottningu að Danir gætu lært af starfseminni.¹⁵⁷ Konungshjónin urðu mjög hrifin af Reykjalundi og voru

¹⁵² Þ.Í. Forsætisráðuneytið. 1989. B/182 I. Hátíðarsýning í Þjóðleikhúsinu 11. apríl 1956.

¹⁵³ Þ.Í. Skrifstofa forseta Íslands. 1994. B/48 I. Ólafur Gunnarsson, úrdráttur fyrir *Politiken*

¹⁵⁴ Kvæði Tómasar má finna í viðauka ritgerðar bls. 57.

¹⁵⁵ Þ.Í. Forsætisráðuneytið. 1989. B/182 I. Dagskrá heimsóknar.

¹⁵⁶ Þ.Í. Forsætisráðuneytið. 1989. B/182 I. Heimsókn í Háskóla Íslands 12. apríl 1956.

¹⁵⁷ Þ.Í. Skrifstofa forseta Íslands. 1994. B/48 I. Ólafur Gunnarsson, úrdráttur fyrir *Politiken*.

þar um hálf tíma lengur en ráð var gert fyrir sem olli því að tímasetning dagskrárinnar riðlaðist aðeins.¹⁵⁸

Næst á dagskrá var hádegisverðarboð ríkisstjórnarinnar í Sjálfstæðishúsinu. Þar voru ráðherrar og makar þeirra og tóku forsætisráðherraþjónin á mótum forseta- og konungshjónunum.¹⁵⁹ Boðið var upp á sveppasúpu, skinku, salat, gæsalifur og osta.¹⁶⁰

Næst var heimsókn á dönsku listasýninguna. Konungs- og forsetahjónin skoðuðu dönsku listaverkasýninguna sem sett hafði verið upp í tilefni af heimsókn konungshjónanna sem hafði verið opnuð í Listasafni Íslands 7. apríl 1956 og stóð sú sýning í þrjár vikur, frá 7. - 22. apríl 1956.¹⁶¹ Á sýningunni voru málverk og höggmyndir eftir alls 32 danska listamenn og voru listaverkin um 220 talsins.¹⁶² Menntamálaráðherra Bjarni Benediktsson og dönsku listamennirnir Jørgen Thomsen og Knud Nellemose, en þeir voru meðal þeirra sem störfuðu í dönsku starfsnefndinni vegna sýningarinnar, tóku á mótum gestum fyrir utan sýningarstaðinn.¹⁶³ Því næst gengu gestirnir í gegnum Þjóðminjasafnið þar sem þjóðminjavörður veitti gestunum leiðsögn um safnið en þar sem tíminn var orðinn naumur og dagskráin hafði riðlast gátu konungshjónin ekki eytt eins miklum tíma eins og upphaflega hafði verið gert ráð fyrir á Þjóðminjasafninu.¹⁶⁴

Þegar konungshjónin höfðu skoðað dönsku listasýninguna og Þjóðminjasafnið lá leiðin næst í Melaskóla. Þar biðu eftir þeim skólabörn sem fögnuðu þeim með fánum og tók borgarstjóri Reykjavíkur ásamt konu sinni á mótum konungshjónunum. Eftir stutta ræðu borgarstjórans þakkaði konungur honum fyrir falleg orð í garð þeirra hjóna og sagðist vera glaður að heimsækja Reykjavík á ný eftir 18 ár og vonaði að Reykjavík myndi halda áfram að blómstra sem höfuðstaður söguleyjunnar. Einnig óskaði hann þess að þeim börnum sem hlytu menntun í þessum skóla yrði kennt það að í suðri væri bræðraland Íslands og hétu það land Danmörk. Eftir stutt ræðuhöld var boðið upp á kaffi og meðlæti og á meðan lék Árni Kristjánsson nokkur lög undir á píanó.¹⁶⁵

Lokaatriði dagskrárinnar og heimsóknar konungshjónanna var kvöldverðarboð konungshjónanna í Þjóðleikhúskjallaranum.¹⁶⁶ Á matseðli kvöldsins voru ostrur í forrétt,

¹⁵⁸ *Morgunblaðið* 13. apríl 1956 bls. 6.

¹⁵⁹ Þ.Í. Skrifstofa forseta Íslands. 1994. B/48 I. Ólafur Gunnarsson, úrdráttur fyrir *Politiken*.

¹⁶⁰ Þ.Í. Forsætisráðuneytið. 1989. B/182 I. Hádegisverður ríkisstjórnar Íslands til heiðurs konungi og drottningu Danmerkur.

¹⁶¹ *Vísir* 7. apríl 1956, bls. 1.

¹⁶² *Morgunblaðið* 7. apríl 1956, bls. 1.

¹⁶³ Þ.Í. Forsætisráðuneytið. 1989. B/182 I. Dagskrá heimsóknar.

¹⁶⁴ *Morgunblaðið* 13. apríl 1956, bls. 6.

¹⁶⁵ Þ.Í. Skrifstofa forseta Íslands. 1994. B/48 I. Ólafur Gunnarsson, úrdráttur fyrir *Politiken*.

¹⁶⁶ Þ.Í. Forsætisráðuneytið. 1989. B/182 I. Dagskrá heimsóknar.

skjaldbökusúpa og aðalrétturinn var steikt svínslæri. Í eftirrétt voru ávextir sem voru bornir fram á tilbúnum bökkum sem gerðir voru úr sykri og voru í mynd af kínverskum aldingarði með garðhúsi og inni í húsinu logaði ljós.¹⁶⁷

Í stuttri ræðu sem Friðrik IX hélt um kvöldið sagði hann m.a. að þau hjónin hefðu mætt einstakri hlýju, ekki aðeins frá heitum lindum landsins heldur einnig frá íslensku þjóðinni. Sagði Friðrik IX:

Gömul ást vor til Íslands hefur nú verið endurnýjuð. Ég hef aldrei séð Ísland eins fagurt og þessa daga. Ég þakka yður fyrir allt gott og lifið heil þar til vér sjáumst aftur. Hann hefði aldrei séð Ísland eins fagurt áður og hlýhugur almennings væri sér og drottningunni ógleymanlegur.

Í svarræðu forseta Íslands þakkaði hann fyrir kærkomna heimsókn konungshjónanna til Íslands og sagði að miklar væntingar hefðu verið gerðar fyrir heimsóknina en undanfarnir dagar hefðu farið langt fram úr vonum. Ásgeir sagði:

Vér gerðum oss miklar vonir um hana fyrir fram. En þessir dagar hafa farið fram úr öllum vonum vorum. Veðurguðirnir hafa verið oss hliðhollir og öll íslenska þjóðin hefur tekið þátt í móttökuhátiðinni. Ég veit að þessi heimsókn mun hafa mikla þýðingu fyrir sambúð landa vorra. Íslendingar og Danir geta naumast verið án hverra annarra. Vér höfum verið betri vinir, en vér á yfirborðinu höfum gert oss ljóst.¹⁶⁸

Föstudaginn 13. apríl héldu konungshjónin ásamt fylgdarliði sínu á brott frá Íslandi klukkan 9 um morguninn. Skipst var á gjöfum áður en konungshjónin héldu af landi brott. Konungshjónunum fengu silfurskál með fangamerki þeirra og Friðrik IX færði forsetahjónum silfurkertastjaka.¹⁶⁹ Konungshjónin héldu áleiðis til Grænlands, eins og fyrr segir en viðdvöl þeirra var óvenju stutt og voru þau komin til Danmerkur um kvöldið.¹⁷⁰

Daginn eftir barst forseta Íslands skeyti frá dönsku konungshjónunum:

Komin heim heilu og höldnu flytjum við ennþá einu sinni hjartanlegustu og innilegustu þakkir okkar til yðar, konu yðar og allrar íslensku þjóðarinnar fyrir hina dásamlegu daga í Reykjavík. Hjartanleiki sá, sem andaði í móti okkur, mun ávallt verða í okkar þakkláta minni og við sendum heitustu óskir vorar um bjarta og heillaríka framtíð fyrir Ísland og íslensku þjóðina.¹⁷¹

¹⁶⁷ *Morgunblaðið* 13. apríl 1956, bls. 12.

¹⁶⁸ *Morgunblaðið* 13. apríl 1956, bls. 1, ræðurnar í heild sinni eru í viðauka bls. 51-52.

¹⁶⁹ *Morgunblaðið* 14. apríl 1956, bls. 1.

¹⁷⁰ *Morgunblaðið* 14. apríl 1956, bls. 6.

¹⁷¹ *Morgunblaðið* 15. apríl 1956, bls. 1.

Íslenskir og danskir blaðamenn og ljósmyndarar fylgdu konungshjónunum hvert skref meðan á heimsókn þeirra stóð og var mikið fjallað um heimsóknina í íslenskum dagblöðum, bæði með myndum og skrifum. Öll íslensku dagblöðin voru sammála um að heimsóknin hefði tekist vel og að hún hefði verið kærkomin og velkomin.

Se og hør fjallaði um heimsókn dönsku konungshjónanna til Íslands með myndasýrpu í blaði sem kom út 20. apríl 1956. Á forsíðu blaðsins var mynd af Friðrik IX og Ásgeiri við veisluborð. Margar myndanna sýndu börn fylgjast með konungsgestunum og tók blaðið fram að íslensku börnin hefðu verið ofsakát með heimsóknina, því að þetta hefði verið í fyrsta skiptið að þau sáu alvöru konung og drottningu.¹⁷² *Politiken* fjallaði einnig um heimsókn konungshjónanna og fékk eins og fyrr segir Ólaf Gunnarsson sálfræðing til að skrifa allnákvæmlega um heimsóknina.¹⁷³

Kostnaður¹⁷⁴ við opinbera heimsókn Friðriks IX var samtals 2.265.600,65 kr. árið 1956. Mestur kostnaður var vegna endurbóta á ráðherrabústaðnum, 1.233.579,91 kr. Sýning á dönskum listaverkum kom næst á eftir og var kostnaður við hana 170.640,31 kr. Kostnaður vegna dönsku blaðamannanna sem boðið var til landsins í tilefni af heimsókninni var 85.933,40 kr. Veislur og uppihald, kostnaður við Hótel Borg, kvöldverðaboð, matvæli erlendis frá, áfengi, tóbak og gosdrykkir var samtals 209.642,66 kr. Hátíðarsýningin í Þjóðleikhúsinu kostaði 132.749,32 kr. Annar kostnaður, svo sem móttaka í Háskóla Íslands, blómaskreytingar, fánakaup og fánaleiga, gjafir, bifreiðakostnaður og ljósmyndir var undir 85 þúsund krónum hver liður. Kvikmynd var tekin af heimsókninni og sýnd í kvikmyndahúsi og voru tekjur af þeirri sýningu og af sölu sýningarskrár 14.314,30 kr.¹⁷⁵ Heildarnúvirði kostnaðarins vegna heimsóknarinnar er um 53 milljónir króna.¹⁷⁶

Þessi fyrsta opinbera heimsókn konungs Danmerkur og drottningar þótti hafa heppnast vel. Veðrið og íslenska fólkið tók konungshjónunum vel. Sigurður Nordal skrifaði Ásgeiri m.a. bréf 20. apríl 1956 þar sem hann óskaði forseta til hamingju með heimsókn dönsku konungshjónanna til Íslands. Sigurður skrifaði:

Yfir því öllu var svo mikil gifta, að mér dettur helst í hug Alþingishátíðin 1930 til samanburðar. Það tvennt, sem hvorki var unnt að skipuleggja né vita um fyrir fram, veðrið og andinn í fólkinu, setti

¹⁷² *Se og hør* 17. árgangur. 1956, bls. 1-5.

¹⁷³ Þ.Í. Skrifstofa forseta Íslands. 1994. B/48 I. Frá Ólafi Gunnarssyni til Ásgeirs Ásgeirssonar forseta Íslands 17. desember 1956.

¹⁷⁴ Heildarreikningur vegna heimsóknar dönsku konungshjónanna til Íslands er í viðauka bls. 54.

¹⁷⁵ Þ.Í. Forsætisráðuneytið. 1989. B/182 I. Reikningur yfir kostnað vegna heimsókn dönsku konungshjónanna. 1956.

¹⁷⁶ Aðstoð var fengin hjá viðskiptafræðingi til að reikna út hvert núvirði reikningsins er. Tekið var tillit til verðbólgu og niðurfellingu krónunnar 1981 í útreikningi.

smiðshöggið á viðtökur, sem að öllu öðru leyti voru frábærlega undirbúnar. Og ég er ekki í neinum vafa um, að sú hlýja, sem var í undirtektum almennings, bar engu síður vitni um vinsældir ykkar forsetahjónanna en gestrisni við aðkomufólkið. Þótt svo óheppilega vildi til (en alltaf þarf að fórna hinum öfundsjúku örlaganornum einhverju!), að engin blöð hér [í Danmörku] gátu gert þessari heimsókn full skil, hefur hún þegar haft mikil og góð áhrif í Danmörku.¹⁷⁷

¹⁷⁷ Gylfi Gröndal, *Ásgeir Ásgeirsson*, bls. 386.

VI. Niðurstöður

Tíu ár liðu frá því að Ísland lýsti yfir sjálfstæði þar til forseti Íslands fór í opinbera heimsókn til Danmerkur. Fyrsti forsetinn, Sveinn Björnsson, fór þó í jarðaför Kristjáns X en Sveinn komst aldrei í opinbera heimsókn til Danmerkur vegna lasleika. Því fór það svo að annar forseti Íslands, Ásgeir Ásgeirsson, fór í heimsókn til Danmerkur 1954. Fljótlega eftir að Ásgeir tók við embætti var farið að kanna þann möguleika, að hann færi í heimsókn til Danmerkur og annarra Norðurlanda. Tveimur árum eftir að Ásgeir var kosinn fór hann ásamt fylgdarliði í heimsókn til Danmerkur, sem og til Svíþjóðar og Finnlands.

Áður en Ásgeir fór í Norðurlandaheimsóknina 1954 urðu nokkrar deilur innan ríkisstjórnar Íslands vegna handritamálsins. Nokkrir ráðherrar vildu ekki að Ásgeir færi til Danmerkur á meðan deilan um handritin væri óleyst. Þó fékk forseti að ráða hvort og hvenær hann færi í heimsókn til Danmerkur. Lesa má úr heimildum að ríkisstjórn Íslands hafði ekki mikinn áhuga á opinberri heimsókn forseta til Danmerkur og vildi helst sleppa við allt það umstang sem henni myndi fylgja. Nokkur þrýstingur hafði verið á Ásgeir að koma í opinbera heimsókn fljótlega eftir embættistökuna til Norðurlandanna, þrýstingur sem kom frá þjóðhöfðingjum Norðurlandanna í gegnum sendiherra þeirra á Íslandi. Jafnframt fundu sendiherrar Íslands á Norðurlöndunum fyrir þrýstingi um að forsetinn kæmi í heimsókn. Hugmynd kom upp að Ásgeir myndi heimsækja Norðurlöndin án viðkomu í Danmörk en Sigurður Nordal mælti því á móti, en hann taldi það kurteisismál að heimsækja Danmörk fyrst þar sem landið væri fyrrum sambandsland Íslands.

Dagsetning heimsóknarinnar var ákveðin í apríl 1954. Áhugi ríkisstjórnar Íslands á opinberri heimsókn til Norðurlandanna var lítill, sérstaklega til Danmerkur, og tók það ríkisstjórnin m.a. nokkurn tíma að ákveða hvaða ráðherra myndi verða með í för. Heimsóknin til Danmerkur þótti takast vel og voru skrif bæði íslenskra og danskra blaða um hana jákvæð. Dönsku dagblöðin voru ánægð með að fyrsta opinbera heimsókn þjóðhöfðingja Íslands væri til Danmerkur og þótti það lýsa vinarhug til dönsku þjóðarinnar. Íslensku blöðin lýstu einnig yfir ánægju með heimsóknina og þóttu Danakonungur og Danir hafa sýnt forseta Íslands mikla virðingu.

Undirbúningur fyrir fyrstu opinberu heimsókninni til Norðurlandanna var stigin með barnaskrefum því á meðan undirbúningstímanum stóð yfir vissu ráðamenn stundum ekki í hvorn fótinn þeir áttu að stíga. Sigurður Nordal reyndist afar ráðagóður og sama má segja um starfsmenn dönsku konungshirðarinnar. Þó flækst hafi fyrir íslenskum ráðamönnum hvernig haga skyldi heimsókninni til Danmerku steig Ásgeir forseti ávallt varlega niður og tók ekki

ákvörðun nema að vera viss að hún væri rétt og myndi ekki móðga Dani, Íslendinga eða aðra sem áttu hlut að, sú ákvörðun að fara fyrst til Danmerkur virðist ekki hafa móðgað aðra þjóðhöfingja Norðurlandanna. Þeir höfðu fullan skilning á því hvers vegna heimsókn forseta Íslands til Norðurlanda myndi hefjast í Danmörku og röðuðust löndin eftir því hversu mikið sambandið við Ísland hefði verið.

Eftir fyrstu opinbera heimsókn forseta Íslands var komið að Íslandi að taka á móti erlendum þjóðhöfingja. Sá fyrsti var Friðrik IX Danakonungur og kom hann árið 1956. Áður höfðu Danakonungar sótt Ísland heim sem þjóðhöfðingjar landsins en þetta var í fyrsta skipti sem konungur Danmerkur kom til Íslands sem erlendir þjóðhöfðingi.

Skipuð var sérstök undirbúningsnefnd til að sjá um dagskrárgerð fyrir heimsókn Friðriks IX. Álíka barnaskref voru stigin við undirbúning fyrir heimsókn konungshjónanna til Íslands og við heimsókn forsetans til Danmerkur tveim árum áður. Leitaði undirbúningsnefndin nokkuð til Danmerkur, t.d. hvernig hátíðarsýning í Þjóðleikhúsinu ætti að fara fram og fékk nefndin aðstoð frá íslenska sendiráðinu í Frakklandi í sambandi við hvað væri best að hafa á boðstólnum í kvöldverðinum og hvaða vín ætti að bjóða upp á. Nokkur reynsla hafði þó unnist við heimsókn forseta til Norðurlandanna sem nýttist undirbúningsnefndinni.

Heimsókn Friðriks IX og Ingiríðar drottningar hófst 10. apríl 1956 og stóð yfir í þrjú daga. Um tvennt ríkti óvissa: hvernig veðrið yrði og hvort Friðrik IX myndi fá hlýjar móttökur hjá íslenskum almenningi, þ.e. hvort handritamálið myndi varpa skugga á heimsóknina. Þegar konungshjónin lentu á Reykjavíkurlflugvelli að morgni 10. apríl 1956 var veðrið upp á sitt besta miðað við árstíma og mikill mannfjöldi hafði safnast saman á leiðinni frá Reykjavíkurlflugvelli að ráðherrabústaðnum í von um að sjá konung og drottningu Danmerkur. Skólar höfðu gefið frí eftir hádegi og mörgum fyrirtækjum var lokað í tilefni af heimsókn konungshjónanna. Áhugi almennings reyndist mikill og er óhætt að segja að vel var tekið á móti gestunum því margir áhorfendur voru við hverja athöfn. Íslenskir sem og erlendir blaðamenn fóru jákvæðum orðum um heimsóknina og birtu íslensku blöðin hvert einasta jákvæða orð sem konungshjónin sögðu um Ísland. Handritamálið var ekki rætt á meðan á heimsókn Friðriks IX stóð heldur var áherslan á að rækta vináttu og tengsl þjóðanna.

Forseti Íslands og Friðrik IX lögðu báðir í ræðum sínum áherslu á vináttu og virðingu þjóðanna beggja, sameiginlega sögu og fyrri heimsóknir Friðriks IX til Íslands, þá sem krónprins Íslands, og heimsókn forseta Íslands til Danmerkur tveimur árum áður.

Fyrsta opinbera heimsókn þjóðhöfðingja til Íslands þótti takast vel. Friðrik IX var ánægður með heimsóknina og sagði að það væri sérstaklega þýðingamikið fyrir samband

Þjóðanna að hann, sem konungur Danmerkur, væri fyrsti þjóðhöfingi til að koma í opinbera heimsókn til lýðveldisins Íslands.

Kostnaður við heimsóknina var þó nokkur en mesti kostnaðurinn var vegna endurbóta á ráðherrabústaðnum við Tjarnagötu.

Þó svo að Ísland og Danmörk ættu í deilum vegna handritamálsins þá sýndu heimsóknirnar tvær að löndin gætu þrátt fyrir allt sýnt hvor annarri vinsemd og virðingu. Þjóðirnar skyldu nú horfa fram á við frekar en að deila um það sem gerst hafði í fortíðinni. Heimsóknirnar höfðu góð áhrif á þau sár sem sjálfstæðisyfirlýsing Íslendinga hafði ollið Danmörku.

VII. Viðaukar

Í þessum viðauka eru teknar saman allar ræður sem forseti og konungur héldu á meðan heimsóknunum stóð. Í tveim ræðum hefur textinn því miður ekki varðveist heldur eru þær teknar endurorðaðar upp úr dagblaði.

Einnig eru í viðaukanum ljóð sem flutt voru vegna heimsóknanna og reikningur vegna heimsóknar Danakonungs til Íslands.

Ávarp Friðriks IX í konungsveislu 5. apríl 1954¹⁷⁸

Fyrir hönd drottningarinnar og mína býð ég yður herra forseti og frú Dóra Þórhallsdóttir hjartanlega velkomin til Danmerkur. Þetta geri ég með ánægju, því ég veit að öll danska þjóðin stendur að þessari fagnaðarkveðju.

Heimsókn yðar hingað til Danmerkur er sögulegur viðburður. Fyrirrennari yðar í hinu háa embætti sem þjóðhöfðingi Íslands gat ekki af sjúkdómsástæðum komið fram hinu vingjarnlega áformi að koma til vor í opinbera heimsókn. Það er þess vegna í fyrsta sinn að forseti Íslands kemur hingað í opinbera heimsókn.

Drottningin og ég minnumst með þakklátum huga heimsókna okkar til Íslands og hve innilegar móttökur féllu okkur í skaut í þeim „bláfjallageimi“, en því nafni nefndi ég land yðar. Einnig þess vegna eru endurfundirnir við yður kærkomnir.

Ég vona að þessi móttaka forseta Íslands og forsetafrúarinnar á þessum stað, sem í gegnum aldirnar hefur verið aðsetur ríkisstjórnar Danmerkur, muni verða talin vottur um gagnkvæma virðingu okkar tveggja norrænu þjóða og bera vott um gagnkvæmt traust og vináttuhug þann sem myndar grundvöllinn að viðskiptum vorum. Ég er sannfærður um, að Ísland og Danmörk muni í fullri eindrægni takast í hendur á þann hátt eins og á sér stað þegar þjóðhöfðingjar mætast í opinberum heimsóknum. Þessi tilfinning fyllir á þessari stund hug vorn gleði.

Danska og íslenska þjóðin eru báðar af hinum samnorræna þjóðastofni, enda þótt hver þjóð fyrir sig hafi frá öndverðu kunnað að halda fram sérkennum sínum. Hefur skyldleikinn komið því til leiðar að Danir og Íslendingar hafa á fyrri öldum fundið nánin tengsli sín í sameiginlegri menningu og lífsskoðun.

Hin íslenska og hin danska þjóð hafa báðar á menningar- og viðskiptasviðinu mikið beint innbyrðis samstarf. Auk þess hafa þjóðir vorar mikinn áhuga fyrir norrænu samstarfi. Er

¹⁷⁸ *Vísir* 6. apríl 1954, bls. 4,5,7.

„norræna ráðið“ mikilvægur vettvangur á þessu sviði þar sem Ísland, Svíþjóð, Noregur og Danmörk mætast til að ræða samnorræn mál til styrktar norrænum samhug og vináttu.

Einnig í alþjóðasamvinnunni í víðari merkingu mætast Íslendingar og Danir í frjósamri samvinnu. Nægir í því sambandi að minnast á samvinnuna innan Sameinuðu þjóðanna og Norður-Atlandshafsbandalagsins, þar sem bæði Ísland og Danmörk frá byrjun hafa veitt þá aðstoð sem báðum löndunum hefur verið framast unnt til að styðja að hinu háleita takmarki beggja stofnanna, að varðveita heimsfriðinn.

Með þeirri sannfæringu að þjóðum vorum í framtíðinni auðnist að lifa í vináttu og eindrægni og heillaríkri samvinnu, læt ég í ljós drottningarinnar og mínar innilegustu og hjartanlegustu óskir um að Íslandi megi vel vegna og drekk skál forseta Íslands og frú Dóru Þórhallsdóttur, með ósk um að hamingja og heill fylgi íslenzku þjóðinni.

Ávarp forseta Íslands í konungsveislu 5. apríl 1954¹⁷⁹

Yðar Hátignir.

Ég þakka fyrir þau hlýju orð, sem Yðar Hátign lét falla í minn garð og íslenzku þjóðarinnar – og er ég þess fullviss, að ræða Yðar Hátignar mun vekja ánægju meðal Íslendinga. Vér tökum af hlýjum vinarhug í hina framréttu hönd Dana við þetta tækifæri.

Það hefur fallið mér í skaut að vera fyrsti forseti Íslands, sem opinberlega sækir Yðar Hátign heim. Það leiðir af sjálfu sér, að fyrsta heimsóknin er gerð til Yðar Hátignar, og vorrar gömlu sambandsþjóðar. Með hrærðum hug steig ég í morgun fæti á danska grund. Minningarnar um marga alda samband Danmerkur og Íslands og margvíslegan breytileik örlaganna brutust fram.

Það er mér gleðiefni að hafa áður átt þess kost að kynnst Yðar Hátign. Oss er ánægja að því að minnast fjögurra heimsókn Yðar Hátignar til Íslands. Ég vil einnig minna á hina fyrstu konungsheimsókn til Íslands, þá er Kristján konungur IX. færði Íslendingum hina fyrstu stjórnarskrá, og á heimsókn Friðriks konungs VIII., sem mjög stuðlaði að gagnkvæmum skilningi milli þjóðanna beggja. Ég minnst föður Yðar Hátignar, Kristjáns X., sem staðfesti sambandslögin og heimsótti fyrstur konunga, ásamt hinni ástsælu drottningu Alexandrine, hið fullvalda Ísland. Loks vil ég sérstaklega nefna hina ánægjulegu heimsókn Yðar Hátignar og núverandi drottningar til Íslands á árinu 1937. Eignuðust hin ungu ríkiserfingjahjón þá marga vini og aðdáendur á Íslandi.

¹⁷⁹ *Vísir* 6. apríl 1954, bls. 4,5,7.

Vér minnumst þessara fjögurra ættliða með þakklæti og virðingu. Þær heimsóknir, sem ég hef nefnt, marka áfanga á leið íslensku þjóðarinnar til aukins sjálfstæðis, enda kunna Íslendingar vel að meta þær. Hin óhjákvæmulega rás viðburðanna síðan hefir engum skugga slegið á vinarþel Íslendinga í garð konungsættarinnar.

Það er gömul og ný reynsla, að fullkomið sjálfstæði allra norrænna þjóða er traustasti hornsteinn samstarfs og vináttu, sem stöðugt hefur þróast milli þessara náskyldu þjóða og sem vér viljum allir halda áfram að auka og treysta. Vér minnumst með þakklæti margra ágætra Dana, sem hafa sýnt á liðnum tímum ríkan skilning á stöðu Íslands og þörfum þess.

En fyrst og fremst minnumst vér heillaóskaskeytis Hans Hátignar Kristjáns Konungs X., sem barst oss á stofndegri íslenska lýðveldisins, 17. júní 1944. Þegar kveðja konungs barst þann kalda rigningardag var eins og hlýr straumur bærisk um vörn fornhelga sögustað, Þingvelli. Enn einu sinni lutum vér höfði í þakklæti og virðingu fyrir hinum ágæta konungi, sem af hetjulund barðist baráttu bræðrabjóðar vorrar í svartnætti kúgunarinnar.

Heimsstyrjöldin mikla, sem algjörlega og óvænt rauf sambandið milli þjóða vorra, varð engu að síður til þess að færa oss á ýmsan hátt nær hvor öðrum. Hin hetjulega andstaða dönsku þjóðarinnar gegn hernaðarlegu ofurefli vakti aðdáun vora. Þjáningar Danmerkur snertu hjörtu Íslendinga. Dagurinn þegar Danmörk varð frjáls var einn mesti hátíðisdagur Íslendinga.

Megi hinn gagnkvæmni skilningur milli þjóða vorra styrkja bræðraböndin.

Yðar Hátignir. Af heilum hug óska ég dönsku þjóðinni árs og friðar og skála fyrir Yðar Hátignum, konungi og drottningu, konungsfjölskyldunni og allri dönsku þjóðinni.

Konungsávarp 10. apríl 1956¹⁸⁰

Yðar hátign, Friðrik níundi, konungur Danmerkur og Ingiríður drottning!

Það er mjer óblandið gleðiefni að ávarpa yður í nafni íslensku þjóðarinnar, og bjóða yður hjartanlega velkominn til landsins.

Við hjónin minnumst með þakklæti komu okkar á yðar fund fyrir tæpum tveim árum síðan, og þeirrar miklu gestrisni og hjartahlýju, sem við, fulltrúar Íslands, nutum af hálfu yðar hátigna og dönsku þjóðarinnar. Þær viðtökur bergmáluðu hjer heima í hjörtum Íslendinga.

Herra konungur! Þjer hafið komið hjer áður, sem vor ágæti krónprins, oftar en nokkur annar konungborinn maður, að föður yðar einum undanteknum, og síðast með hinni ungu, glæsilegu krónprinsessu. Þjer hafið notið hylli þjóðarinnar eins og öll yðar ætt, frá því er

¹⁸⁰ Þ.Í. Skrifstofa forseta Íslands. 1994. B/48 I. Konungsávarp Ásgeirs Ásgeirssonar 10. apríl 1956.

Kristján konungur níundi steig hjer á land, fyrstur konunga, á þúsund ára landsnámshátíð Íslands með hina fyrstu stjórnarskrá Íslands í sinni landsföður hendi. Vjer minnumst bæði afa yðar og föður með þakklæti og virðingu, og á þessari stundu sjéristaklega þeirra heillaóska, sem Kristján konungur tíundi sendi Alþingi og íslenzku þjóðinni við stofnun Lýðveldisins á Þingvöllum fyrir tólf árum. Það var konungleg kveðja á orlagastund, og til fyrirmyndar öðrum þjóðhöfðingjum.

Yðar hátign hefir með allri framkomu yðar í Íslands garð staðfest þessar kveðjur og árnaðaróskir, og fullkomnað það með því að koma nú sem hinn fyrsti erlendi þjóðhöfðingi í opinbera heimsókn til vors endurreista Lýðveldis. Þessi stund er oss viðkvæm og jafnframt til mikils fagnaðar, líkt og þær úrslitastundir sögunnar, þar sem hvort getur farið sína leið, hið persónulega og hið pólitíska. Við þessa samfundi rifjum vjer ekki einungis upp gamla vináttu, heldur styrkjum og treystum ný vináttubönd við yður sem vinsælan og mikilsvirtan konung vorrar dönsku frændþjóðar!

Danmörk er eitt af elztu ríkjum álfunnar, þar sem innlent konungdæmi á djúpar rætur í langri sögu og hárrí menningu. Vjer Íslendingar höfum jafnan sótt vorar framtíðarvonir um frelsi og stjórnskipun aftur til hins forna þjóðveldis. Sundurleitir hagsmunir og ólíkar erfðir hafa skilið oss að, en bróðurlegt jafnræði aftur fært oss saman til gagnkvæms skilnings og vináttu.

Vjer metum hina dönsku þjóð mikils, menningu fólksins og mikla mannkosti. Vjer eigum mörgum ágætum Dönum að þakka skilning á málum vorum og stuðning. Ungir Íslendingar hafa löngum leitað til Danmerkur og verið tekið opnum örmum við allar menningarstofnanir. Svo mætti lengi telja. Í persónulegri umgengni fer vel á með Dönum og Íslendingum, og í hóp fjarskyldari þjóða erum vjer sama hugar og ættar. Hinar fámennari þjóðir hafa í ýmsu yfirburði, og umgengni þeirra hver við aðra er í mörgum greinum bæði farsæl og frjósöm. Smáþjóðir verða að mæta ókostum smæðarinnar með því að færa sjer til hins ýtrasta kostina í nyt.

Sjálfstæði Íslands fylgir engin einangrun. Það hefir aldrei verið skýrara en nú á hinum síðustu tímum, hve nauðsynlegur er skilningur og samtök milli skyldra þjóða að ætt og innræti. Á hinum dökka bakrunni nútímans í alþjóðamálum, þarf bróðurhugur Norðurlandsþjóðanna að lýsa eins og logandi viti friðarins og menningarinnar.

Það eru sömu hætturarnar, sem steðja að oss, sömu vonirnar, sem lýsa fram á veginn, og sama trú, sem veitir oss þor og þrek. Það er kominn tími til, að láta ekki gamlar væringar liðins tíma villa oss sýn! Staðreyndir sögunnar breytast að vísu ekki, en áherslurnar og það, hvað oss er ríkast í huga á hverjum tíma, breytist eftir nýjum viðhorfum og framtíðarútliti.

Sagan er eins og landslagið, sem horfir ólíkt við oss, eftir því á hvaða sjónarhóli vjer stöndum. Gagnvart viðfangsefnum nútíðar og framtíðar, stöndum vjer Danir og Íslendingar nú að kalla á sama sjónarhól. Látum hug vorn og öll samskipti mótast af því!

Yðar Hátignir! Þjer eruð góðir gestir, sem vjer fögnum af heilum hug. Koma yðar rifjar upp ljúfar minningar. Hún sýnir göfuglyndi yðar og góðan hug í vorn garð, og bætir og styrkir vináttu og skilning þjóða vorra. Yðar hátign, Friðrik konungur. Jeg bið yður að flytja þjóð yðar bróðurkveðju og árnaðaróskir frá Íslendingum.

Vjer óskum yður og drottningunni, konungsdætrum og allri yðar ætt gæfu, gengis og Guðs blessunar!

Með þær óskir og kveðjur í huga, lyftum vjer glösum.

Svarræða Danakonungs við ávarpi forseta Íslands 10. apríl 1956¹⁸¹

Herra forseti.

Drottning og ég flytjum yður, herra forseti, innilegustu þakkir fyrir hina vingjarnlegu kveðju. Þau hlýju orð, sem þér hafið beint til okkar, og hinar hjartanlegu móttökur, sem þér og frú Dóra Þórhallsdóttir og íslenska þjóðin hafa búið okkur, hafa glatt okkur bæði mjög mikið. Frá því ég kom hingað fyrst 1921 með foreldrum mínum hefur mér virzt Ísland eitt hinna fegursta landa, er ég hef séð, og þessi tilfinning hefur orðið sterkari í hvert sinn, er ég hef komið hér síðan. Ég hef ávallt hrifzít af hinni stórbrotnu náttúru landsins, og er ég minnst þeirrar vináttu og samúðar, er mér, og drottningunni einnig, er við komum hér 1937, hefur verið sýnd hér á landi á svo margan hátt, er það einlæg gleði að líta aftur þetta land.

Vorið 1954, er mér veittist sú ánægja að bjóða yður, herra forseti, og frú Dóru Þórhallsdóttur velkomin til Danmerkur, komst ég að svo orði, að koma yðar til Danmerkur væri sögulegur atburður, því að það var fyrsta opinber heimsókn forseta Íslands til Danmerkur. Á sama hátt er mér ljós hin sérstaka þýðing heimsókarinnar hér, er konungur Danmerkur heimsækir forseta Íslands heim í fyrsta sinn.

Nafn Íslands er kunnugt frá því í fyrndinni, er norrænir menn fluttust fyrst til þessa lands og stofnuðu hér þjóðfélag. Bera fornar sögur vitni um hámenningu þess og frelsisferðir. Íslenzk löggjöf, íslenzkt réttarfar, íslenskur skáldskapur á sér þúsund ára sögu og lifir þó og blómgast í dag. Þetta er óprotlegur fjársjóður innri gæða. Afrek hinna fornu Íslendinga varpa ljóma yfir Norðurlönd, óháð ytri atburðum og tímanna rás. Íslendingar nútímans hafa á

¹⁸¹ Þ.Í. Skrifstofa forseta Íslands. 1994. B/48 I Svarræða Friðriks IX. við ávarpi forseta Íslands 10. apríl 1954.

verðugan hátt tekið við arfi eftir hina spakvitru og mikilhæfu forfeður sína. Á öld umbrota og örðugleika er hin fámenna íslenska þjóð talin í hópi hámenntuðustu réttarþjóðfélaga heims. Íslenska ríkið stendur á traustum lýðræðisgrunni, og á alþjóðavettvangi nýtur Ísland nútímans álits fyrir löggjöf sína, réttarfar og bókmenntir á sama hátt og Ísland fortíðarinnar gerði þegar fyrir þúsund árum. Og nýtt hefur bætzt við hið gamla. Framfarir Íslendinga í atvinnumálum, vísindi þeirra og listir auka enn á hróður landsins.

Í Danmörku fögnum vér þessu og óskum Íslendingum einlæglega vaxandi velgengni. Vér fögnum einnig hinni jákvæðu þróun í sambúð Dana og Íslendinga á árum eftir síðari heimsstyrjöldina. Dansk-Íslenskt samstarf á sér stað á margan hátt. Það er beint samstarf milli landanna, þar gerizt einnig á norrænum grundvelli með samvinnu milli hinna fimm ríkisstjórna Norðurlanda og starfi Norðurlandaráðs, og það gerist á alþjóðlegum vettvangi í bandalagi Sameinuðu þjóðanna, í Norður-Atlandshafsbandalaginu og í mörgum öðrum alþjóðlegum stofnunum. Starf vort og viðleitni túlkar sömu lífsviðhorf, og takmark vort er hið sama: Varðveisla friðarins og heill og hamingja þjóða vorra.

Um leið og ég endurtek þakkir drottningarinnar og mínar fyrir hinar hjartanlegu móttökur hér á Íslandi, ber ég fram innilegustu óskir okkar drottningarinnar um framtíð Íslands, og ég lyfti glasi mínu til heiðurs forseta Íslands, frú Dóru Þórhallsdóttur og íslensku þjóðinni.

Konungsræða 12. apríl 1956¹⁸²

Konungur komst m.a. að orði á þá leið, að hann og drottningin hefðu í þessari heimsókn sinni hingað mætt einstakri hlýju, ekki aðeins frá heitum lindum landsins, heldur einnig frá fólkinu.

Konungur kvaðst hafa þekkt marga hér frá fyrri heimsóknum sínum. Nú hefði hann eignast hér nýja vini. Hlýhugur almennings væri sér og drottningunni ógleymanlegur.

Gömul ást vor til Íslands hefur nú verið endurnýjuð. Ég hef aldrei séð Ísland eins fagurt og þessa daga. Ég þakka yður fyrir allt gott og lífið heil þar til vér sjáumst aftur.

Svarræða forseta Íslands 12. apríl 1956¹⁸³

Forseti Íslands Ásgeir Ásgeirsson þakkaði fyrir hönd gestanna fyrir boðið. Ég þakka einnig þessa kærkomnu heimsókn, sagði forsetinn. Vér gerðum oss miklar vonir um hana fyrir fram. En þessir dagar hafa farið fram úr öllum vonum vorum. Veðurguðirnir hafa verið oss

¹⁸² *Morgunblaðið* 13. apríl 1956, bls. 1.

¹⁸³ *Morgunblaðið* 13. apríl 1956, bls. 1.

hliðhollir og öll íslenska þjóðin hefur tekið þátt í móttökuháttíðinni. Ég veit að þessi heimsókn mun hafa mikla þýðingu fyrir sambúð landa vorra. Íslendingar og Danir geta naumast verið án hverra annarra. Vér höfum verið betri vinir, en vér á yfirborðinu höfum gert oss ljóst.

Ég þakka yðar hátignum, sagði forseti Íslands, fyrir yðar stóra skref til framtíðar samskipta þjóðanna.

Ég leyfi mér að láta í ljós aðdáun vora á dönsku konungshjónunum.

Vér staðfestum þakkir vorar og virðingu með ferföldu húrrahrópi fyrir konungi og drottningu Danmerkur, sagði forsetinn að lokum.

Veislugestir hylltu síðan konungshjónin af miklum innileik.

Reikningur yfir kostnað í sambandið við heimsókn dönsku konungshjónanna 1956¹⁸⁴

Tekjur:

Úr ríkissjóði - 2.241.347.95 kr.

Hagnaður af kvikmynd - 14.0522.70 kr.

Seld sýningarská v/dönsku listsýningarinnar 10.200.00 kr.

Gjöld:

1. Viðgerð á ráðherrabústaðnum Tjarnargötu 32	1.233.579.91 kr.
2. Sýning á danskri myndlist	170.640.31. kr.
3. Kostnaður við danska blaðamenn	85.933.40 kr.
4. Kostnaður við veislur og uppihald	
I. Hótel Borg	80.495.85 kr.
II. Hótel Skjaldbreið, Sjálfstæðishúsið, Naust h.f. og Leikhúskjallarinn	83.358.12 kr.
III. Matvæla kaup erlendis frá	13.124.41 kr.
IV. Tóbak, áfengi og gosdrykkir	32.664.28 kr.
Samtals:	209.642.66 kr.
5. Háskólinn, móttaka	20.038.36 kr.
6. Hátíðarhljómleikar í Þjóðleikhúsinu	132.749.32 kr.
7. Söng- og hljómleikakostnaður	38.643.60 kr.
8. Blómaskreyting	71.715.97 kr.
9. Fánakaup og fánaleiga	61.699.21 kr.
10. Prentkostnaður	29.801.82 kr.
11. Gjafir	31.118.60 kr.
12. Kvikmyndir	50.656.73 kr.
13. Ljósmyndir	65.155.60 kr.
14. Bifreiðakostnaður	14.085.34 kr.
15. Kostnaður við sýningu á íslenskum heimilisiðnaði	3.131.50 kr.
16. Þóknun til nefndar manna kr. 60.000- þar af greitt	20.000 kr.
17. Ýmis kostnaður	12.703.02 kr.
18. Mismundur (hagn. af sýningaskrá og kvikmynd)	14.312.30 kr.
Greitt í ríkissjóð	
Samtals:	<u><u>2.265.600.65 kr.</u></u>

¹⁸⁴ Þ.Í. Forsætisráðuneytið. 1989. B/182 I. Heimsóknir erlendra þjóðhöfðingja, dönsku konungshjónin 1956 – 56.

Til forseta Íslands Ásgeirs Ásgeirssonar og Forsetafrúar Dóru Þórhallsdóttur
Í tilefni af Norðurlandaför 31. marz 1954¹⁸⁵

Fararheill

Sigl heill frá strönd, á fund til frænda vorra.
Þér flytjið kveðju landsins – eyju Snorra,
því út um höf hún ljóma slær og lýsir.
Á legi bláum vaki heilladísir.

Sigl heil frá ströndu, Dóra lands vors drottning
Ei dulist getur margra þjóða lotning.
Hve gott mun yður fögnuð þann að finna
og frjálssa þjóð um Norðurlönd að kynna

I
Vér biðjum Guð að vernda lönd og lýði,
að líkna þeim, sem eiga í hörðu stríði.
Og aldrei fyrr var meiri þörf á mætti,
á manndóms hygð, er tengir frið og sætti.

Og heill sé þeim, sem vilja Drottni vinna,
á verði standa – hatri skyldi linna.
Já, heill sé þeim, er tengja bræðra böndin.
Hið bjarta vor skal faðma nyrztu löndin.

Hve hollt er oss í heiðið blátt að líta,
er himinn stirndur skín um landið hvíta,
að tigna þann, sem hátt í Hæðum ríkir,
að hlýða boði: *Verið guðum líkir.*

¹⁸⁵Lbs.-Hbs. Sigfús Eliasson, Fararheill til forseta Íslands Ásgeirs Ásgeirssonar og forsetafrúar Dóru Þórhallsdóttur í tilefni af Norðurlandaför. 1954.

Já, heill sé öllum, heill sé Norðurlöndum.
Í hugsun, *verki* bezt vér saman stöndum.
Vér lútum, bræður, hinum *Eina Anda*,
oss ekkert má á jörð né himni granda.

II

Þeir fræða, hinir mestu mannkyns vinir,
þeir miklu, helgu, vígðu guðasynir.
Með lögum – söng skal lýðsins vini hylla
og ljóðsins gígju þeim til heiður stilla.

Hið innra sjá þeir Krist í hverjum manni
og kotung þann, sem býr í lágum ranni
þeir meta – sjá þar sannleiksperlu skíra
í sálarfylgsni leynast – gullið dýra.

III

Já, heill sé gnoð á silfurbláum sævi.
Vér sendum ósk og ljóð í mildum blævi.
Og þjóðin bíður yðar endurfunda
til Íslands heim – til forna menntalunda.

Svo skíni heilög stjarna fyrir stafni.
Vér stefnum bæn til Guðs í Jesú nafni.
Vér biðjum heilla vorum bræðraþjóðum,
að blessun veitist þeim í söng og ljóðum.

Vér beinum sjónum upp – að Austurvegi,
vor andi greinir skin frá nýjum degi.
Og heljarnótt frá heimi burt skal víkja.
Í himins ljósi guðir miklir ríkja.

Þér stefnið aftur heim að ströndum bláum,
þér stýrið móti jöklum – hvítum – háum.
Þar bíður yðar *undralandið* mesta
með *óðul* hinna tignu – duldu gesta

Tómas Guðmundsson: Kveðja flutt konungi Danmerkur og drottningar 12. apríl 1956¹⁸⁶

Heill konungi,
Heill konungsbrúði!
Mæli ég velkomna
Til vorra stranda
Gesti göfasta
Þá, er gerðu för
Landveg háan
Um loft norður.

Fagnar yður fólk vort,
Friðrik konungur,
Virðir og veglát þel
Og vinarkveðjur.
Festir frændsemi
Við forna samþjóð
Bróðurorð, sem barst
Um breiða sæi.

Oft varð löng leið
Milli landa vorra.
Týndi torleiði
Tryggð og heitum.
Þræddi þá einatt
öndverða slóð
Veldi Danmerkur
Og vilji Íslands.

¹⁸⁶ Þ.Í. Forsætisráðuneytið. 1989. B/182 I. Heimsóknir erlendra þjóðhöfðingja, dönsku konungshjónin 1956 – 56.

Önnur er vor samvist
Seinna orðin.
Leyst eru þau bönd,
Sem bræðrum glata.
Hreppt sú vinátta,
Sem vinnur þjóðir.
Slík er frjáls manns kvöð
Sú er konungs gifta.

Fagnar yður fólk vort,
Friðrik hersir!
Geymir þjóð mín
Í þekku minni
Ætliðu þrjá
Yðar feðra
Þá, er fold vora
Fyrstir konunga
Gistu göfgum hug
Og góðu heilli.

Minumst vér og gjörla
Er að garði bar
Ítran konungsson,
Unga kóngsdóttur.
Greiddi þá úr vorskýjum
Glaða sól.
Veit ég enga gesti,
Er oss virtust betur.

Enzt hefur oss auðna
Til endurfundar.
Því skal enn ort
Á ættfold Braga.
Mun þar ei skálds vant

Meðan skáldi geðjast
Augu drottningar
Og drenglund konungs.

Sáuð þér í annað sinn
Ísland rísa
Ögrum skorið úr úrgum sævi,
Jöklum bleikfannað
Og brimi girt,
Konungslegt á svíp
En kalt í bragði.

Svo er oft land vort
Sem á ljóð minni,
Ort við eld og nótt,
Ort feiknistöfum,
Rímað strandabergi,
Stuðlað háfjöllum,
Sorfið sælöðri
Og svellum rist.

En í áttögum
Hins yzta hafs
Nam sér nýja jörð
Norrænn andi.
Orti þar í einsemd
Og aldaþögn
Stofni kynbornum
Konungsdrauma

Enn veit ég aðra
Ættjörð norræna,
Forna að frændsemi,

Fræga í sögum.
Ólík er hún Íslandi
Um yfirbragð.
En fáar leit ég foldir
Fríðari sýnum.

Vakir vorfögur
Við vötn sín Danmörk,
Silfurofin sundum,
Saumuð kornökrum.
Ganga gullinhyrnd
Í grænum skóg
Ung árdegi
Og einskis sakna.

Þó skín sama sól
Sjálandi og Esju.
Hrynur sama haf
Um Hornbjarg og Skaga
Einn er og uppruni
Ætta vorra,
Samur eins og særinn
Sá, er oss skilur.

En svo er veglaus firð
Sem vild sé kýs.
Svo eru gagnvegir
Sem girnist hugur.
Því í mannshjartans
Myrkri býr
Hafið hyldýpsta
Og hæsta stjarnan.

Hvort skal þá eigi

Hugur ættþjóða
Fylgja þeirri stjörnu,
Sem stiklar djúpið?
Því hún er vináttan,
Sem vísar oss
Boðleið skemmstu
Til bræðrastranda.

Svo nemist Norðurlönd
Nýjum dögum.
Enn skal áfram sótt
Að einu marki,
Fram til fegurðar,
Fram til mannvits,
Hærri hamingju
Og heilli trúar.
Hví skydlum vér ella
Aldurs freista?

Heyr vorn hug,
Himnadrottinn!
Lít ljúfri sjón
Lönd vor og þjóðir.
Kalla heill og frið
Yfir heimsbyggð alla.
Svo skal drottningu hyllt,
Svo skal hilmi fagnað.

Heimildaskrá

Óprentaðar heimildir

Þjóðskjalasafn Íslands [Þ.Í.]

Forsætisráðuneytið. 1989. B/182 I Heimsóknir erlendra þjóðhöfðingja, dönsku konungshjónin 1956 – 56.

Utanríkisráðuneytið. 1968. B/13 1 og 2. 1944-64.

Utanríkisráðuneytið. 1968. B/32 I. 1947-65. Móttaka erlendra þjóðhöfðingja og ríkisstjórnar.

Utanríkisráðuneytið. 1968. B/33 II. Móttaka erlendra þjóðhöfðingja og ríkisstjórnar.

Skrifstofa forseta Íslands. 1994. B/48 I. Heimsókn dönsku konungshjónanna (H-600).

Gagnlegar upplýsingar.

Skrifstofa forseta Íslands. 1994. B/67 3. Forsetaheimsókn: Danmörk (O-403) 1959.

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn [Lbs.- Hbs.]

Helga Jóna Eiríksdóttir, *Konungskoman 1907. Um aðdraganda, undirbúning og afleiðingar hennar fyrir Ísland*. B.A.-ritgerð í sagnfræði við Háskóla Íslands. 2008.

Sigfús Elíasson, *Fararheill til forseta Íslands Ásgeirs Ásgeirssonar og forsetafrúar Dóru Þórhallsdóttur í tilefni af Norðurlandaför, 1954*. [Ljóð]

Prentaðar heimildir

Bækur og tímarit

Björn Þorsteinsson og Bergsteinn Jónsson, *Íslandssaga til okkar daga*. Reykjavík, 1991.

Danmarks historie i grundtræk. Ritstjórnar Steen Busck og Henning Poulsen. Árósar, 2002.

Mentze, Ernst, *Frederik IX Konge af Danmark: tidsbilleder gennem 70 år*. Kaupmannahöfn, 1969.

Gylfi Blöndal, *Ásgeir Ásgeirsson. Ævisaga*. Reykjavík, 1992.

Gylfi Gröndal, *Sveinn Björnsson. Ævisaga*. Reykjavík, 1994.

Helgi Skúli Kjartansson, *Ísland á 20. öld*. Reykjavík, 2003.

Jón Magnússon, „Norðurlandaför forseta Íslands.” *Norræn Jól*. 14. árg. (1954).

Lerche, Anna og Marcus Mandal, *En kongelig familie. Historien om Christian 9. og hans europæiske efterslægt*, Viborg, 2003.

Svanur Kristjánsson, „Forsetinn og utanríkisstefnan: Bandaríkjaför Sveins Björnssonar árið 1944.” *Ný saga*. (2001), bls. 4-16.

Dagblöð

„Gullfoss flytur forsetann.” *Alþýðublaðið*. 35. árg. (28. febrúar 1954).

„Konungskoman.” *Alþýðublaðið*. 37. árg. (8. apríl 1956).

„Dönsku konungshjónin koma fljúgandi í opinbera heimsókn til Íslands kl. 14:30 í dag.” *Alþýðublaðið*. 37. árg. (10. apríl 1956).

„Dönsku blöðin segja: Punktum finale í handritamálinu.” *Morgunblaðið*. 41. árg. (16. mars 1954).

„Við gerðum það sem skyldan bauð.” *Morgunblaðið*. 41. árg. (21. mars 1954).

„Marta krónprinsessa Noregs látin.” *Morgunblaðið*. 41. árg. (6. apríl 1954).

„Heimsókn íslenzks þjóðhöfingja sögulegur viðburður.” *Morgunblaðið*. 41. árg. (6. apríl 1954).

„Forseti Íslands sæmdur Fílsorðunni dönsku.” *Morgunblaðið*. 41. árg. (8. apríl 1954).

„Forsetahjónin verða við útför Mörtu krónprinsessu.” *Morgunblaðið*. 41. árg. (10. apríl 1954).

„Forsetahjónin í Stokkhólmi” *Morgunblaðið*. 41. árg. (24. apríl 1954).

„Opinberum heimsóknum forseta nú lokið” *Morgunblaðið*. 41. árg. (27. apríl 1954).

„Dönsk listasýning opnuð í Listasafni ríkisins í dag” *Morgunblaðið*. 43. árg. (7. apríl 1956).

„Annar dagur konungsheimsóknarinnar.” *Morgunblaðið*. 43. árg. (12. apríl 1956).

„Lokadagur konungsheimsóknarinnar viðburðaríkur.” *Morgunblaðið*. 43. árg. (13. apríl 1956).

„Lokadagur konungsheimsóknarinnar.” *Morgunblaðið*. 43. árg. (12. apríl 1956).

„Konungsheimsóknin.” *Morgunblaðið*. 43. árg. (12. apríl 1956).

„Friðrik IX og forsetinn skiptust á gjöfum við brottför.” *Morgunblaðið*. 43. árg. (14. apríl 1956).

„Brottför konungshjónanna.” *Morgunblaðið*. 43. árg. (14. apríl 1956).

„Dásamlegir dagar.” *Morgunblaðið*. 43. árg. (15. apríl 1956).

Se og hør. 17. árg. Tímabil 14-17. 1956.

„Fer forseti Íslands í heimsókn til Norðurlandanna í vor?” *Tíminn* 37. árg. (27. október 1953).

„Märte krónprinsessa lézt í morgun.” *Vísir*. 44. árg. (5. apríl 1954).

„Sveigur lagður á kistu Kristjáns X.” *Vísir*. 44. árg. (6. apríl 1954).

„Veisla í Amalienborg forsetahjónunum til heiðurs.” *Vísir*. 44. árg. (6. apríl 1954).

„Forsetaheimsóknin í Danmörku tókst prýðis vel.” *Vísir*. 44. árg. (9. apríl 1954).

„Mikill viðbúnaður í sambandi við komu forseta til Stokkhólms.” *Vísir*. 44. árg. (21. apríl 1954).

„Gífurlegur mannfjöldi fagnaði forsetahjónunum við heimkomuna.” *Vísir*. 44. árg. (7. maí 1954).

„Konungi og drottningu Dana fangað í dag.” *Vísir*. 46. árg. (10. apríl 1956).

„Innileiki og hlýja mættu konungshjónunum við komuna í dag.” *Vísir*. 46. árg. (11. apríl 1956).

„Reykjavík í hátíðarskrúða í gær vegna komu konungshjónanna.” *Þjóðviljinn*. 21. árg. (11. apríl 1956).

„Kunngert í Stokkhólmi í gær að forseti Íslands heimsæki Svíþjóð að vori.” *Þjóðviljinn* 18. árg. (27. október 1953).